

Þetta efni er samið að beiðni Eddu hf. með það að markmiði að styðja við kennslu í bókmenntum. Efnið er til frjálsra afnota fyrir kennara, án endurgjalds. Sé það notað sem heimild eða til stuðnings við greina- eða ritgerðaskrif skal gæta að höfundarrétti og fylgja viðteknum venjum um vísanir í heimildir.

Höfundur: Stefán Þór Sæmundsson, 2002
Samið fyrir Eddu hf.

**Umfjöllun, hugleiðingar og verkefni
um afþreyingarbókmenntir
með áherslu á sakamálasögur
og þá sérstaklega Dauðarósir og Mýrina
eftir Arnald Indriðason**

- I. Fjallað um sögu, flokkun og gildi afþreyingarbókmennta**
- I. Sakamálasögur – verkefni og hugleiðingar úr Dauðarósum og Mýrinni eftir Arnald Indriðason**

Innihaldslýsing

Þessi samantekt er unnin sérstaklega fyrir Eddu, sem gefur út bækur Arnaldar Indriðasonar. Upphaflega var hún hugsuð sem kennsluleiðbeiningar eða kennarakver með bókum hans Dauðarósum og Mýrinni en síðan var um það samið að gera líka grein fyrir afþreyingarbókmenntum í leiðinni, fara aðeins yfir sögu þeirra, flokkun og gildi og fjalla síðan sérstaklega um sakamálasögur. Þannig má þrengja hringinn uns komið er að sakamálasögum Arnaldar Indriðasonar.

Hér er mest byggt á eigin reynslu. Ég hef kennt afþreyingarbókmenntaáfanga í Menntaskólanum á Akureyri og lætt slíkum bókmenntum inn í aðra áfanga, auk þess sem ég hef þýtt fjölda bóka undir hatti afþreyingar og neytt þeirra í ríkum mæli. Eitthvað er líka stuðst við greinar og viðtöl í dagblöðum og tímaritum og örlítið hefur verið tekið upp úr fræðiritum.

Markmiðið með þessum skrifum er kannski ekki síst að opna afþreyingarbókmenntum greiðari leið inn í íslenskt skólakerfi, reyna að flokka þær og skilgreina og benda á hagnýtt gildi þeirra. Áherslan er síðan á sakamálasögurnar og þá vakningu sem orðið hefur hér á landi í þessum geira bókmenntanna.

Að mestu er hér um sögulegt ágríp að ræða með faglegum skírskotunum og persónulegum skoðunum en í lok hvers kafla eru vangaveltur og spurningar sem styðjast má við í kennslu. Hæglega má vinna verkefni upp úr þessum vangaveltum.

Kaflaheiti

- 1. Bókmenntalestur í framhaldsskólum**
- 2. Örlítið sögubrot**
- 3. Skilgreining afþreyingarbókmennta**
- 4. Helstu einkenni**
- 5. Margir og fjölbreyttir flokkar**
- 6. Mjúkar bókmenntir**
- 7. Harðar bókmenntir**
- 8. Gildi og áhrif afþreyingarbókmennta**
- 9. Sakamálasögur**
- 10. Arnaldur Indriðason**
- 11. Dauðarósir**
- 12. Mýrin**
- 13. Lokaorð**

I.

1. Bókmenntalestur í framhaldsskólum

Bókmenntasagan og lestur texta sem tengjast hinum ýmsu tímabilum hennar hefur skipað stóran sess í íslenskukennslu í framhaldsskólunum síðustu áratugin. Svo er enn. Kennarar hafa þó æ oftast hrokkið upp við það á síðustu árum að nemendur ráða illa við fornan kveðskap, Íslendingasögurnar, píslarsögu- og reisubókatexta miðaldanna, ljóðaperlur rómantíkur, skáldsögur Halldórs Laxness og Gunnars Gunnarssonar og einnig verk margra nútímahöfunda. Svo virðist sem sumir nemendur geti ekki lesið á þeim hraða sem ætlast er til af þeim því textinn er þeim tormeltur og framandi, lesþjálfun lítil og iðulega endar þetta með uppgjöf.

Hér finnst mörgum kennurum sjálfsagt full djúpt í árinna tekið og þeir geta eflaust bent á hið gagnstæða, nemendur sem njóta þessara bókmenntatexta. Nemendum hefur alla tíð gengið misjafnlega að fást við bókmenntirnar, lesa þær, skilja og túlka. Kannski er því engin ástæða til annars fyrir okkur kennara en að halda okkar striki.

Við förum samvisskusamlega með nemendum gegnum bókmenntasöguna allt frá landnámi til liðinna jóla og lesum sýnishorn frá öllum tímum, ljóð, smásögur, skáldsögur, greinar, leikritabrot; og val sýnishornanna tekur mið af smekk bókmenntaelitunnar, reynsluheimi okkar kennara og þjóðfélagslegri viðurkenningu á því sem gott og gagnlegt þykir. Að sjálfsögðu eru þetta allt fagurbókmenntir, sérlagað sælgæti til handa soltnum og þyrstum nemendum, útbýtt af svo mikilli rausn og offorsi að það stendur í mörgum og öðrum verður óglatt.

Þjóðfélagið hefur breyst og þegar þess sömuleiðis. Þótt sum okkar hafi lesið Þúsund og eina nótt áður en við byrjuðum í barnaskóla, Íslendingasögurnar og Sturlungu fyrir 10 ára aldur og verið komin langt með Laxness fyrir fermingu þá búa krakkarnir við aðrar aðstæður nú í upphafi nýrrar aldar. Reyndar er myndin af hinum menntaða Íslendingi á síðustu öld orðin ansi þjóðsagnakennd. Hitt er svo staðreynd að tölvuleikir, myndbönd, tölvupóstur og smáskilaboð taka stóran hluta af frítíma margra barna og unglunga. Sumir lesa ekki neitt nema skólabækur af illri nauðsyn, aðrir grípa í eina og eina svokallaða barna- og unglungabók, þó nokkrir þjálfra læsi sitt með aðstoð spennu- og ástarsagna en ekki eru þeir margir sem opna fagurbókmenntir í frístundum sínum.

Hér má ef til vill gagnrýna skólakerfið fyrir íhaldssemi. Þótt bókmenntaarfurinn sé klassískur hafa neytendur hans breyst harla mikið. Við þurfum að nálgast nemendur á þeirra eigin forsendum, skyggjast inn í hinn sammannlega reynsluheim og ræða um hann og þar koma afþreyingarbókmenntirnar til skjalanna. Ekki það að ég vilji henda út Hávamálum, heimsósómum miðalda eða Njálu; nei, hins vegar mætt nota meira af léttari og nærtækari bókmenntum sem áhugahvata og stuðningstæki.

Það er ljóst að menn hafa frá upphafi frásagnarlistar leitað eftir dægradvöl, skemmtun, rómantík og spennu í heimi bókmenntanna og hvers kyns afþreying hefur alla tíð þrífist við hlið viðurkenndra fagurbókmennta. Í þessum afþreyingarheimi hafa menn fengið útrás fyrir bældar hvatir, vonir, drauma og þrár, flúið frá amstri hversdagsins, leitað á vit ævintýra og óskhyggju, stytt sér stundir, skemmt sér og þannig leynt og ljóst framkallað og viðhaldið spurn eftir afþreyingarbókmenntum.

Þetta eru ekki einungis einföld markaðslögmál. Þarna er mannlegt eðli að verki. Það er of einfalt að segja að með því að halda söluvænlegum formúlubókum að

lesendum séu gróðaöflin að stýra bókmenntasmekk þeirra; slíkur hugsunarháttur er úrelt arfleifð bókmenntaelítu sem fyrirleit einfaldar sögur þótt almenningur dáði þær. Nei, lesendur eru alltaf jafn hæstvirtir, hvort sem þeir kjósa að lesa afþreyingarbókmenntir eða fagurbókmenntir og ekki skyldi vanmeta þarfir þeirra á þessu sviði. Hver hefur ekki þörf fyrir yndislestur, a.m.k. til hliðar við skyldulesninguna? Og hví skyldi ekki vera hægt að láta þetta fara saman?

Vangaveltur

Lesu nemendur í tómstundum? Hvers konar bókmenntir lesa þeir? Hvaða höfundar eru vinsælastir? Hvaða bækur úr bernsku eru þeim minnisstæðastar? Gera þeir greinarmun á góðum bókum og skemmtilegum, þ.e. alvörugefnum og djúpstæðum verkum annars vegar og léttari afþreyingu eða fantaspennu hins vegar? Hafa kennarar og nemendur eða foreldrar og börn lesið sömu barnabækurnar eða er kynslóðabilið greinilegt? Má greina kynbundinn mun á bókmenntasmekk? Hver er afstaða nemenda til fornsagna og reynsla þeirra af þeim? Hvernig fer fyrir skáldsögum sem teknar eru upp sem skyldulesning í skólum? Hvað er erfðast og leiðinlegast að lesa og hvers vegna? Hvað hafa bækur umfram bíómyndir eða á hvern hátt eru þessir afþreyingarmiðlar ólíkir?

2. Örlítið sögubrot

Upphaf og þróun afþreyingarbókmennta hér á landi má rekja gegnum fornaldarsögur, riddarasögur, rímur, tækifæriskveðskap, þjóðsögur og ævintýri og loks koma þýddar og frumsamdar skáldsögur í þessum dúr til skjalanna seint á 19. öld, blöð og tímarit og skriðan er fallin. Fyrstu íslensku skáldsögurnar eru einfaldar afþreyingarbókmenntir þótt við gerum þeim hærra undir höfði en ella í bókmenntasögulegu samhengi og upphaf nútíma skáldsagnagerðar er litað dægradvöl.

Rómantíska stefnan gegnir mikilvægu hlutverki í þróun skáldsögunnar og þ.m.t. afþreyingarbókmennta. Þá er ekki einungis verið að þróa fagurbókmenntir, s.s. ljóð, sögulegar skáldsögur og þroskasögur, heldur er verið að búa til ævintýri, safna þjóðsögum, semja fantasíur, ástarsögur, hrollvekjur og leynilögreglusögur. Þarna verða til sögur sem hafa æ síðan haft áhrif á höfunda afþreyingarverka.

Nokkur helstu tímamótaverk í þessum geira eru hrollvekjurnar *The Castle of Otranto* eftir Horace Walpole (1764), *Frankenstein* eftir Mary W. Shelley (1818) og *Dracula* eftir Bram Stoker (1897), *Ævintýri Grimmsbræðra* (1812-15) og ævintýra- og spennusagan *Síðasti Móhíkaninn* eftir James Fenimore (1826), leynilögreglusögurnar *The Murders in the Rue Morgue* eftir Edgar Allan Poe (1841) og *A Study in Scarlet* (Sherlock Holmes) eftir Arthur Conan Doyle (1887) og vísindaskáldsögurnar *Ferðir Gúllivers* eftir Jonathan. Swift (1726), *Leynardómar Snæfellsjökuls* eftir Jules Verne (1864) og *Tímavélin* eftir H.G. Wells (1895).

Þarna er kominn grunnurinn að miklum flokkum og bálkum afþreyingarbókmennta seinni tíma og enn lengra má rekja grunn ástarsagnanna sem hafa þróast allt frá grískum og rómverskum ástarsögum til riddarabókmennta og hjarðlífsbókmennta sem síðan ganga í gegnum nýtt skeið samhliða vexti borgarastéttarinnar.

Eins og sagði hér í upphafi voru fyrstu íslensku skáldsögurnar einfaldar og afþreyingarkenndar. Þetta voru Róbinson-stælingar og svo ástarsagan Piltur og stúlka eftir Jón Thoroddsen (1850), sem iðulega er talin marka upphaf íslenskrar skáldsagnagerðar. Með raunsæi og nýrómantík kemur gróska í skáldsagnagerð og við tölum yfirleitt ekki um afþreyingarþóttmenntir á þessum fyrstu áratugum skáldsögunnar og varla fyrr en um og eftir seinni heimsstyrjöldina þegar Íslendingar fara að kynna þýddum reyfurum í auknum mæli og nokkrir rithöfundar byrja að skrifa í sama dúr.

Nokkrar afþreyingarsögur frá fyrstu áratugum síðustu aldar mætti þó nefna í þessu sögulega samhengi. Elsta íslenska sakamálasagan er smásagan Íslenzkur Sherlock Holmes eftir Jóhann Magnús Bjarnason sem kom út 1910. Fyrsta alíslenska sakamálasagan í fullri lengd var Húsið við Norðurá eftir Einar Skálaglamm (1926) og á árunum 1930-50 var síðan nokkur gróska í sakamálasagnagerð eins og síðar verður rakið. Eftir brösótt gengi hefur þessi grein síðan vaknað til lífsins á allra síðustu árum.

Íslenskar ástarsögur urðu strax afar vinsælar. [Guðrún frá Lundi](#) (Dalalíf 1946-1951) og [Ingibjörg Sigurðardóttir](#) (Bylgjur – framhaldssaga í Hinu nýja kvennablaði 1954, Ást og hatur 1960, Sýslumannsdóttirin 1961) skrifuðu ástarsögur úr íslenskum sveitum og þorpum. Þetta teljast sakleysislegar ástarsögur, oft einfaldar hvað persónusköpun og atburðarás snertir en gjarnan nokkur þjóðlífsstúdía. Fleiri konur skrifuðu í þessum anda en Jóhanna Kristjónsdóttir (Hanna Kristjánsdóttir) ögraði viðteknum gildum með skáldsögunni Ást á rauðu ljósi sem kom út 1960 og þótti djörf.

Síðar varð [Snjólaug Bragadóttir](#) drottning íslenskra ástarsagna eða frá 1972 til 1987 en fyrsta skáldsaga hennar hét Næturstaður. Hún víkkaði söguviðið út með árunum og sögurnar fóru að fjalla um ást og afbrot, gjarnan erlendis. [Birgitta H. Halldórsdóttir](#) tók við af Snjólaugu og hefur verið afkastamikil í gerð sagna um ástir og afbrot allt frá því skáldsagan Inga kom út 1983. Annars hefur lítið borið á hefðbundnum, íslenskum ástarsögum síðustu tvo áratugina eða svo.

Eins og gefur að skilja hafa íslenskir höfundar lítt fengist við að skrifa stríðssögur, njósnasögur eða stórslysasögur og raunar heldur ekki vísindaskáldsögur eða hrollvekjur þótt þeir flokkar hafi notið vinsælda hér og ættu ekki að vera bundnir við önnur lönd eða tungu.

Gróskan var mest í ástarsögunum og einnig í sögum fyrir börn og unglunga. Segja má að grunnurinn hafi verið lagður með þýddum bókum sem streymdu inn eftir stríð (277 titlar þýddra skáldverka 1930-39 en 760 titlar 1940-49). Börn og unglingar fóru að kynna Frank og Jóa, Tom Swift, Bob Moran, Nancy, Beverly Gray, Benna og að sjálfsögðu bókum Enid Blyton. Íslenskir rithöfundar fíkrúðu sig áfram og hófu að skrifa um röska og ráðagóða stráka sem lentu í ævintýrum og æ síðan hafa afþreyingarsögur fyrir börn og unglunga verið áberandi í jólabókaflóðinu.

Ekki verður farið dýpra í þessa sögu hér en á það skal bent að afþreyingarþóttmenntir hafa ætíð fylgt ritun og lestri, þær eru ekki bara afsprengi gróðahyggju og fíringar nútímasamfélags. Vinsældir íslenskra afþreyingarbóka virðast haldast í hendur við aukið framboð þýddra bóka af því tagi á 5. áratugnum og má segja að hér séu komnar hinar nýju þjóðsögur og ævintýri; léttmeti sem lætur mann gleyma amstri hversdagsins um stund.

Vangaveltur

Eru sögur eins og Piltur og stúlka, Barn náttúrunnar (Halldór Laxness) og Vargur í véum (Gunnar Gunnarsson) afþreyingarbókmenntir eða fagurbókmenntir? Hvað með Kristmann Guðmundsson, var honum ekki legið á hálsi fyrir að skrifa í afþreyingarstíl? Nóg er af dulrænu í íslenskri náttúru en hvers vegna hafa Íslendingar ekki fengist við að skrifa hrollvekjur eða vísindaskáldsögur? Er eitthvað sérstakt eða frumlegt við íslenskar afþreyingarsögur eða eru þetta stælingar á erlendum sögum; gengið beint inn í hefðina? Er ekki lengur markaður fyrir saklausar ástarsögur og þá hvers vegna ekki? Af hverju skyldi ekki vera getið um Ingibjörgu Sigurðardóttur í Íslensku skáldatali? Hvaða unglingsbókaseriur hafa verið vinsælastar gegnum árin og hvernig er söguþráður þeirra og persónusköpun?

3. Skilgreining afþreyingarbókmennta

Hvernig skilgreinum við afþreyingarbókmenntir og aðgreinum þær frá fagurbókmenntum?

Nemendahópur svarar: „Bækurnar eru til skemmtunar og helsta markmiðið við lestur þeirra er að stytta sér stundir. Bækurnar einkennast af auðveldu málfari, söguþráðurinn er byggður á algengum formúlum. Þær höfða til lesenda, maður veit að hverju maður gengur. Afþreyingarbókmenntir höfða svo vel til almennings vegna þess að þær gerast í því umhverfi sem lesandinn lifir sjálfur í eða kannast við og/eða á auðvelt með að setja sig í fótspor söguhetjunnar.“

Annar hópur svarar: „Verk sem þurfa ekki að hafa boðskap eða vera vönduð, heldur miða frekar að því að stytta mönnum stundir og skapa framleiðendum sem mestan gróða.“

Nema hvað! Sú staðreynd að afþreyingarbókmenntir, sumar hverjar, seljast vel – þær eru rifnar út af lesendum og einhverjir hljóta því að hagnast á útgáfu þeirra – hefur lengi verið þyrnir í augum bókmenntaelítunnar. Það að hagnast á bókmenntum hefur þótt tortryggilegt hér á landi og alls ekki fint. Í sambandi við umræður um minni lestur og samdrátt í bóksölu má benda á þá staðreynd að útlán á bóksöfnun aukast stöðugt og þar eru afþreyingarbókmenntir fremstar í flokki. Ástarsögur, gjarnan kenndar við rauðan lit, hafa lengi haft nokkra yfirburði og nú eru íslenskar spennusögur í mikilli sókn. Þar eru sögur Arnaldar Indriðasonar ákafllega eftirsóttar en þær hafa sömuleiðis verið áberandi á metsölulistum bókaverslana.

Víkjum aftur að skilgreiningum. Hér á undan var vitnað í nemendum og þessi svör komu strax í fyrstu tímunum, þ.e. áður en umfjöllun hófst. Nemendur gátu þannig kortlagt afþreyingarbókmenntir býsna vel án þess að hafa áður lesið fræðilegar skilgreiningar, enda eru þær af skornum skammti.

Í Hugtökum og heitum í bókmenntafræði (Mál og menning, Reykjavík, 1989) er verið að skilgreina afþreyingarbókmenntir, almúgabækur og alls kyns undir- og hliðarflokka. Um afþreyingarbókmenntir segir m.a. þetta: „Talið hefur verið að afþreyingarbókmenntir hefðu engan listrænan tilgang, þær væru grunnfærar og einfaldar að inntaki og formi, oft stælingar á ritum frá eldra bókmenntaskeiði, nýrra leiða í efnisvali, stíl og máli væri ekki leitað heldur gengið til móts við íhaldssöm viðhorf og gildismat lesenda. Því hefur og verið haldið fram að afþreyingarbókmenntir spilltu smekk lesenda og hefðu önnur skaðleg áhrif, eða þá að þær væru svo einskisverðar að tímasóun væri að fjalla um þær ...“ (bls. 14).

Síðar er bent á að einhliða fordæming afþreyingarbókmennta hafi verið gagnrýnd í nýlegum rannsóknum og þar bent á tengingu þessara bókmennta við daglegt líf fólks og hvernig það getur fundið svör eða óskasvör og stundarfró í heimi afþreyingarbókmennta.

Eða eins og einn nemandi minn sagði: „Afþreyingarbókmenntir blandast í góða blöndu sem við lesum okkur til afþreyingar þegar við viljum hvíla okkur frá einræðum Steins Elliða eða hástemmdum ljóðum rómantíkur.“

Það má einfaldlega segja að afþreyingarbókmenntir (triviallitteratur) hafi það markmið að skemmta lesandanum, veita honum spennu eða vekja hlátur, vera honum tómstund og dægurvöl. Ekki eru þetta slæm markmið. Tómstundir eru hverjum manni nauðsynlegar og þar er bóklestur góður kostur í og með.

Afþreyingarbókmenntir eru stílaðar inn á þessar stundir. Svo er það náttúrulega afstaða hvers og eins lesanda hvað hann les sér til afþreyingar.

Fæstir höfundar í þessum flokki eru að reyna að vera stórskáld eða djúpvitir rithöfundar. Þetta er þeirra listgrein, sem sumir vilja reyndar frekar kalla iðnað til að leggja áherslu á fjöldaframleiðsluna og færibandakeiminn sem einkennir sumar afþreyingarbókmenntir. Þarna geta að sjálfsögðu rúmast góðar og lélegar bækur og vissulega má ekki vanmeta þá rithöfunda sem leggja metnað sinn í það að skrifa læsilegar dægurbókmenntir því oft liggur þar mikil vinna að baki, ekki síst ef höfundur reynir að búa til flókna og jafnvel frumlega fléttu.

Að síðustu má nefna að ýmsir höfundar svokallaðra fagurbókmennta hafa nýtt sér frásagnartækni afþreyingarbókmennta til þess einmitt að skapa spennu, vekja hroll eða slá á létta strengi. Sumir höfundar afþreyingarbóka hafa svo sótt í fræði fagurbókmennta til að gefa verkum sínum meiri vigt og þannig skarast þessir flokkar oft og tíðum.

Vangaveltur

Hvernig skilgreinið þið afþreyingarbókmenntir? Hvers vegna hafa þær þann stimpil á sér að vera ómerkilegar og jafnvel mannskemmaði? Hvers konar bækur lesið þið í tómstundum? Hvernig bókmenntir lesið þið helst á ferðalögum eða í sumarbústað; eru það öðruvísi bækur en bókin sem er jafnan á náttborðinu? Gætuð þið hugsað ykkur tilveruna án léttra dægurbókmennta?

4. Helstu einkenni

Einkenni afþreyingarbókmennta taka mið af því eðli þeirra að veita lesendum skemmtun og dægurvöl. Þær mega því varla vera ýkja þungar eða tormeltar en þó vekur athygli hvað reyfarar eru oft langir, kannski 300-600 blaðsíður. Þar er markmiðið væntanlega að halda hug lesandans sem lengst. En lítum á nokkur helstu einkenni afþreyingarbókmennta:

- Þær leggja meira upp úr atburðarás (formúlum) en flókinni eða djúpri persónusköpun
- Þær eiga sér draum sem yfirleitt rætist
- Þær virðast oft óraunverulegar og svarthvítar
- Þær eru ætlaðar til skemmtunar og dægrastyttingar

- Þær eru grunnfærar og einfaldar að efni og formi
- Þær hafa verið utanveltu í bókmenntafræðinni

Fagurbókmenntir hafa hins vegar þessi einkenni:

- Þær eru alvarlegar, heiðarlegar bækur
- Þær leggja meira upp úr persónusköpun en spennu
- Þær lýsa raunveruleikanum á margbreytilegan hátt
- Þær eru skáldrit í bundnu máli og óbundnu, svo og önnur rit í óbundnu máli þar sem um listræna framsetningu er að ræða
- Þær standast listrænar gæðakröfur bókmenntafræðinnar

Og afþreyingarbókmenntir eru ekki bara óvandaðri skáldskapur heldur líka óvandaðri að ytri umgjörð, svona ef stuðst er við almenna skilgreiningu:

Afþreyingarbókmenntir	Fagurbókmenntir
kiljur	gott bókband
sjóppur	bókaverslanir
fyrir almúgann (lesendur, neytendur)	fyrir bókhneigt fólk (lesandi góður)
lítil umfjöllun	vönduð umfjöllun
lág skrifáðar í skóla	hampað í skóla
seljast vel	seljast frekar illa
gróðasjónarmið höfunda	hugsjón höfunda

Og þannig mætti áfram telja án þess þó í raun að komast að einhlítri niðurstöðu um skilgreiningar og einkenni því vissulega skarast oft afþreyingarbókmenntir og fagurbókmenntir. Lýsingarnar hér á ytri umgjörðinni eiga líka trauðla við um íslenskar útgáfur því hér hefur lengi tíðkast að gefa út ástar- og spennusögur í hörðu bandi og hver hefur ekki komið í hús þar sem Theresa Charles og Alistair McLean fylla heilu bókaskápana? Ýmsar fagurbókmenntir hafa á hinn bóginn einvörðungu komið út í kiljuformi, ekki síst ýmis þýdd öndvegisrit.

Vangaveltur

Margir kannast við erlenda reyfara í kiljuformi, bækur sem oft eru keyptar áður en haldið er í ferðalög. Hvers vegna skyldu sams konar bækur lengi vel hafa verið gefnar út í hörðu og dýru bandi hér á landi? Maður á vísit ekki að dæma bókina eftir kápunni en hvaða áhrif hefur brot, útlit og band bókar á ykkur? Gefið þið kiljur í jólagjöf? Hvers vegna fjallar bókmenntafræðin svona lítið um afþreyingarbókmenntir?

5. Margir og fjölbreyttir flokkar

Þegar við förum að róta betur í þessum stórvarasama bókmenntageira kemur margt forvitnilegt í ljós. Einstaka afþreyingarbókmenntir njóta jafnvel virðingar

bókmenntaelitunnar og hins góða lesanda og því er nauðsynlegt að skoða aðeins flokkun þeirra.

Gróflega mætti skipta afþreyingarbókmenntum í tvo yfirflokka:

- Harðar sögur (d. stríðssögur, njósnasögur, kúrekasögur, sakamálasögur, stórslysasögur, vísindasögur, hryllingssögur); flestar skrifaðar af körlum fyrir karla.
- Mjúkar sögur (d. ástarsögur, sjúkrahússögur, herragarðssögur, ættarsögur, örlagasögur, erótískar sögur); flestar skrifaðar af konum fyrir konur.

Til hliðar við þessa tvo yfirflokka mætti síðan nefna teiknimyndasögur og alls kyns sjöppubókmenntir, hasarblöð, klám- og ofbeldissögur í tímaritum en annars liggja vegir afþreyingar víða. Teiknimyndasögur mætti ræða um sem sérstakan flokk og svo er spurning hvort yfirhöfuð sé rétt að taka klám- og sorabækur ýmiss konar inn í umræðu um bókmenntir. Síðan mætti teygja sig enn lengra og fara inn á fjölmiðlamarkaðinn og dægurmenninguna í leit að afþreyingarefni, skoða dagblöð og tímarit og flokka afþreyingarefni í þeim, taka dægurlagatexta, stjórnumerkafræði og guð má vita hvað inn í þess umræðu.

Annars hef ég stuðst við eftirfarandi grófflokkun:

1. Ástarsögur (umfangsmikill flokkur, siðprúðar eða djarfar, þá og nú, sveit og borg)
2. Stríðs- og stríðsnjósnasögur
3. Leynilögreglu- og sakamálasögur
4. Njóсна- og spennusögur
5. Hrollvekjur og vísindaskáldsögur
6. Stórslysasögur
7. Hliðargreinar – ýmis blöð og tímarit (hasarblöð, klámrit, teiknimyndasögur, popptextar)

Þessi flokkun er ekki gallalaus og margar hrollvekjandi bækur snúast um stórslys, ýmsar spennusögur nálgast yfirnáttúrlegar hrollvekjur, vísindasögur geta farið út um víðan völl og geim og stórslysasögur eru ýmist spennusögur eða hrollvekjur eða jafnvel njósnasögur. Þannig mætti halda áfram að þrefa.

Margar vinsælar afþreyingarbókmenntir eru í senn harðar og mjúkar. Þetta eru t.d. bækur sem flokkast undir ást og afbrot, þ.e. ástarsögur með sakamálaívaði eða sakamálasögur með ástarívaði. Hér er verið að freista þess að ná bæði til karla og kvenna, eftir því sem ég best veit og hef reyndar heyrt frá útgefanda.

Í harða flokknum hafa sakamálsögur lengi haft þá sérstöðu að höfða til beggja kynja, ekki síst sögur Agöthu Christie. Það hefur nánast verið fjölskylduskemmtun að glíma við lausn flókinna sakamála. Á seinni árum hafa líka komið fram nýir höfundar sem tefla konum fram í hlutverki spæjaranna og einnig má nefna þá tilhneigingu að draga fjölskyldulíf aðalpersóna meira fram í dagsljósið og gera þessar sögur þannig mýkri og mannlegri.

Vangaveltur

Freistið þess að flokka afþreyingarbókmenntir eftir ykkar höfði. Lesa karlmenn eitthvað af mjúkum bókmenntum? Lesa konur harðar bókmenntir? Er rétt að flokka

hasarblöð og klámrit undir bókmenntir? Hvaða flokkar afþreyingarbókmennta eru í mestum metum og hvers vegna? Setjið íslenska afþreyingarhöfundu í þessa flokka.

6. Mjúkar bókmenntir

Ef við lítum stuttlega á ástarsögurnar þá hef ég skipt þeim í fjóra flokka:

A. Eldri og saklausari sögur

- Herragarðsrómanar og sveitasögur.
- Söguhetjan gjarnan saklaus stúlka sem á að giftast manni sem hún elskar ekki. Hún hittir manninn sem hún elskar á laun.
- Ástarþríhyrningur. Ást í meinum. Rómantik. Stéttir og ættir. Kossar og andvörp.
- Theresa Charles, Ib H. Cavling, Ingibjörg Sigurðardóttir, Guðrún frá Lundi, Sögusafn heimilanna.

B. Nútímarómanar

- Gerast gjarnan í borgarsamfélagi og litast af frjálsslyndi, býsna djörfum lýsingum, oft bólfarir fyrir giftingu.
- Víðtækari og flóknari vandamál en í gömlu sögunum en formúlan þó svipuð.
- Ástar- og örlagasögur Ásútgáfunnar og ýmsir yngri ástarsagnahöfundar.

C. Sértekjar seríur

- Sjúkrahússögur og læknaómanar (Frank Slaughter og Ásútgáfan).
- Ást og afbrot (t.d. Ásútgáfan, Victoria Holt, Danielle Steele, Birgitta H. Halldórsdóttir).
- Galdrar og dulræna (Ísfólkið, Í ríki ljóssins, Galdrameistarinn, Dætur lífsins).

D. Unaðssemdir holdsins

- Erótískar bókmenntir – áhersla á holdlegar unaðssemdir ástarlífsins.
- Berorðar en ekki klámfengnar sögur.
- Anais Nin, Súsanna Svavarsdóttir og margir nútímahöfundar.

Í ástarsögunum má náttúrulega skoða formúlur, persónugerð, andstæður, minni og margt fleira.

Hefðbundinn söguþráður

- a) Ung, saklaus, viðkvæm og fögur kona
- b) kynnist myndarlegum en grófgerðum og ögrandi manni
- c) sem gerir lítið úr henni
- d) en hún heillast þínu þrátt fyrir andstæðar tilfinningar

- e) og hann getur ekki sofnað því þvert gegn vilja sínum fer hann að hugsa um hana.
- f) Það takast með þeim kynni sem þróast
- g) 1. og smám saman brotnar ísinn, maðurinn opnar sig, konan nær í gegnum hrokabrynjuna/
 2. eða svöl gella kemur til sögunnar sem tælir þennan draumaprins - sem nær þó áttum áður en það er um seinan
- h) saklausa konan og ögrandi maðurinn fara í rúmið
- i) 1. og heita hvort öðru eilífri ást/
 2. eða upp kemur misskilningur sem verður til þess að þau skilja uns búið er að greiða úr flækjunni og þau fara aftur í rúmið og heita hvort öðru eilífri ást.

Andstæður

Saklaus stúlka	Spillt stúlka
Traustur maður	Svikull maður
Réttlæti	Ranglæti
Hjálparhella	Hindrari
Fjölskylda	Einstæðingur
Ást og sæla	Hatur og sorg

Minni

Ástarþríhyrningur
 Draugar fortíðar
 Tímabundið minnisleysi
 Haltu mér, slepptu mér
 Leysa þrautir til að hreppa hnossið
 Hið góða sigrar að lokum, makleg málagjöld

Vangaveltur

Persónulýsingar ástarsagna eru æði staðlaðar. Prófið að draga upp mynd af algengustu kven- og karlpersónunum. Skoðið líka formúlur atburðarásar, fleiri minni og andstæður. Berið saman eldri og yngri ástarsögur hvað varðar sögusvið, persónur, stíl og bersögli. Finnið eins marga íslenska ástarsagnahöfunda og þið getið og reynið að rekja þróun greinarinnar hér á landi. Hafa íslenskir karlmenn skrifað ástarsögur? Hvaða ástarsögur eru vinsælastar og hvers vegna? Er eitthvert kynslóðabil í þessum efnum?

7. Harðar bókmenntir

Við getum sem snöggvást litið nánar á nokkra flokka harðari bókmennta. Nánar verður síðan fjallað um leynilögreglu- og sakamálasögur í næsta hluta.

Stríð og stríðsnjósir

- Höfundar á borð við Sven Hassel, Desmond Bagley, Alistair McLean, Hammond Innes, Colin Forbes, Robert Ludlum, Victor Canning.
- Karlmenntan tengist vopnum, átökum og djörfum ráðagerðum.
- Byggt á seinni heimsstyrjöldinni, afmörkuðum borgarastyrjöldum, tilbúnum stríðum, málaliðar gjarnan notaðir, CIA og annað slíkt, kalda stríðið blómstrar einnig, Rússagrýlan áberandi.
- Þetta eru hetjusögur, hreinræktaðar karlasögur

Leynilöglegu- og sakamálasögur

- Dæmi um höfunda: Arthur Conan Doyle, Raymond Chandler, Agatha Christie, Colin Dexter, Ruth Rendell, Sjöwall og Wahlöö, Karin Fossum, Leó Löve, Stella Blómkvist, Árni Þórarinnsson, Arnaldur Indriðason.
- Skáldsögur um glæp þar sem vinnan við lausn glæpsins er iðulega í forgrunni.
- Einkaspæjarar, rannsóknarlöglegumenn og blaðamenn í aðalhlutverki.
- Ráðsnilld vegur þyngra en karlmennska og vopnaskak.
- Höfðað til innlifunar og forvitni lesandans sem reynir að leysa málið á undan aðalhetjunni.
- Gjarnan talað um að þessi flokkur njóti mestrar virðingar afþreyingarþóknunna (gáfumannaléttmeti).

Ýmsar njósna- og spennusögur

- Höfundar á borð við Ian Fleming, Raymond Chandler, John Grisham.
- Njósir og spenna tengjast ekki stríði heldur iðnaði, fyrirtækjum, tölvum og öðrum nútímabúnaði. Ian Fleming og James Bond koma þó oft inn á kalda stríðið.
- Hetjurnar í nútímaspennusögunum þurfa ekki vopn, frekar gáfur, eru stundum engar óskaplegar hetjur en hafa þó sigur að lokum.
- Margvíslegum afbrotum lýst, morðum, njósnum, smygli. Lítið lagt upp úr orsök afbrotanna, ekki skoðað í sál afbrotamannsins eða afhjúpaðar félagslegar aðstæður hans; persónur eru fastmótaðar týpur og lítil fjölbreytni í efnisvali ólíkra sagna. Oft búa söguhetjur við fjölskrúðugt kynlíf sem lýst er af mikilli nákvæmni.
- Njósinarinn: Starfar á eigin vegum eða í þágu leyniþjónustu einhvers ríkis. Hann einkennist af yfirburðum sínum umfram aðra menn, líkamlegu atgervi, kyntöfrum og tæknilegri kunnáttu.

Hrollvekjur og vísindatryllar

- Höfundar á borð við Horace Walpole, Mary W. Shelley, B. Stoker, [Stephen King](#), Dean Koontz, Michael Crichton.
- Gömlu hrollvekjurnar gerðu út á drauga, uppvakninga, blóðsugur og annað slíkt sem var nátengt þjóðtrú.
- Tilgangurinn fyrst og fremst að skjóta lesendum skelk í bringu en oft voru þarna hetjur sem réðu niðurlögum ódámsins.
- Dularfull atburðarás sem á sér vart náttúrlegar skýringar.
- Sögusviðið gjarnan dimmir miðaldakastalar, tungl veður í skýjum, framliðinir á kreiki.

- Nútímahrollvekjurnar tæknilegri, hryllingurinn kannski veipur, geimverur, geðsjúklingar, sjáendur; sumsé, mikið gert út á hið yfirskilvitlega eða tækni sem fer úr böndunum.

Stórslysasögur

- Þetta eru sögur sem hafa ekki síst orðið vinsælar í bíómyndum.
- Mannætuhákarlar, jarðskjálftar, brennandi háhýsi, eldgos, fellibyljir, flóð, sökqvandi skemmtiferðaskip, banvænar veipur.
- Atburðarásin yfirleitt svipuð, fjöldi fólks kynntur til sögunnar og aðstæður þess. Spenna byggð upp með því að gefa í skyn að eitthvað sé að fara úrskaiðis. Síðan stórbrotnar náttúruhamfarir þar sem margir láta lífið en aðalpersónan drýgir hetjudáðir og allt endar vel þótt mörgum mannlífum hafi verið fórnað.
- Harla lítil persónusköpun, slysið er númer eitt og reynt að byggja upp spennu og ótta í kringum það.

Vangaveltur

Skoið tengsl harðra bókmenna og bíómynda. Kikið á hvern flokk og kortleggið eigin reynslu af þessum bókum. Nefnið eftirminnilegar hetjur og lýsið þeim, reynið að finna sameiginleg einkenni. Heilmiklir doðrantar eftir Stephen King og Dean Koontz hafa notið mikilla vinsælda síðustu ár, hvers vegna? Enn og aftur má hér lýsa eftir íslenskum hrollvekjum. Hvers vegna hafa íslenskir höfundar aðeins samið draugasögur og aðra dulrænu fyrir börn og unglina, ekki fullorðna lesendur? Hvi ekki íslenskar stórslysasögur? Er efnið of tengt, nálægðin of mikil í okkar fámenna samfélagi þar sem stórslys á borð við snjóflóð hafa leikið einstök byggðarlög grátt?

8. Gildi og áhrif afþreyingarbókmennta

Öll lesum við skáldsögur okkur til afþreyingar. Oft fáum við lífssannindi, mannskilning, þjóðfélagsgagnrýni og ýmsa speki í kaupbæti og þurfum að greiða úr ögrandi flækjum. Þá eru bækurnar þyngri, tormeltari, skilja meira eftir sig – eru betri og vandaðri að okkar mati. En bókmennir hljóta alltaf að endurspegla samfélagsveruleikann og reynslu og upplifun höfundarins og við viljum finna samsömun. Þarna koma kynhlutverkin sterklega inn í myndina.

Karlmenn, sem hafa verið í mikilli sjálfsmyndarkreppu síðustu áratugi, vilja gjarnan lesa um óskamyndir karlmennskunnar í spennusögunum. Þarna eru sannir karlmenn á ferð, ekki mjúkir og húslegir, ístöðulausir, bældir eða sinnisveikir menn, þrugaðir af fortíðarvanda, algjörir lúserar sem ekkert geta og eru iðulega kramdir undir hæl kvenna. Margir karlmenn hafa fengið meira en nóg af þessari ímynd nútímakarlmannsins og krefjast sjálfstæðis og endurreisnar karlmennskunnar. Sú endurreisn á ekki að birtast sem Rambo eða Morgan Kane; það hlýtur að vera hægt að rata meðalveg milli ofurhetja og linkulegra karlmanna nútímabókmennta á borð við Hlyn Björn í 101 Reykjavík eða Viktor í Parísarhjólinu.

Á sama tíma og karlmenn hafa orðið æ veikari í nútímabókmenntunum hefur konan orðið sterkari. Hún stjórnar öllu og drottnar í skjóli kynþokka, valda og greindar, hefur ístöðulausa karlinn í vasanum. Öfgafyllstu dæmin eru kannski hjá

[Sidney Sheldon](#) þar sem fagar og kynþokkafullar konur fá öllu sínu framgengt en í spennusögum og afbrotakenndum ástarsögum er nóg af klárum og djörfum konum.

Í ástarsögum er hið kvenlega, mjúka, góða og saklausa iðulega lofað og prísað en konurnar þar hafa þó öðlast sjálfstæði, greind, vilja og hæfileika til að komast af – nokkuð sem skorti mjög í eldri sögum. Konur á hverjum tíma geta séð óskamyndir sínar og jafnvel þótt þær séu oft öfgakenndar og óþolandi fullkomnar í útliti eru þær þó tæplega jafn vannærðar og fyrirsæturnar sem unglingsstúlkur horfa svo mikið til.

Þeir sem eru óánægir með sjálfa sig og þreyttir á nútímaveruleikanum hverfa oft á vit afþreyingarbókmennta og reyna að lappa upp á egóið og láta sig dreyma um betri tíð. „Megi heimurinn verða eins og þú vilt sjá hann,“ sagði Mahatma Gandhi. Í sárri fátækt, hörmungum, vinnuþrælkun og neyð leituðu forfeður okkar á vit þjóðsagna og ævintýra til að þrauka, til að missa ekki trúna á lífið, til að eiga sér von um betri heim. Á sama hátt leitum við í afþreyingarbókmenntir nútímans, rauðu ástarsögurnar eru þjóðsögur og ævintýri okkar tíma og þær leyfa okkur að sjá heiminn eins og við viljum sjá hann – í rósrauðum bjarma. Og spennusögurnar og erótísku sögurnar veita okkur heilbrigða útrás (eða katharsis) fyrir bældar frumhvatir, s.s. árásarhneigð og óbeislaða kynhvöt, og gera okkur lífið bærilegra í siðmenntuðu þjóðfélagi.

Ég tel að við ættum að halda afþreyingarbókmenntum að nemendum í stað þess að fordæma þær og einnig taka þær í auknum mæli inn í skólakerfið. Það má vinna mikið með afþreyingarbókmenntir, nemendur geta greint bækurnar eins og fagurbókmenntir, skrifað ritgerðir, haldið fyrirlestra, gert úttekt á persónum og þjóðfélagsmynd, fundið minni og andstæður, jafnvel notað frásagnarliði Propps og verksviðalíkan Greimasar því afþreyingarbókmenntir byggjast gjarnan á sömu formúlum og ævintýri. Nú, hvers kyns tjáningu má spinna upp úr þessum bókmenntum, s.s. samtöl og leikþætti eða stuttmyndir og í framhaldinu er upplagt að greina formúlukvikmyndir. Nemendur hafa gaman af þessu og margir komast á bragðið, vilja lesa meira og fara að takast á við erfiðari bókmenntir og umfram allt þjálfast þeir í lestri og lesskilningi, ritun og framsögn; þessum grundvallaratriðum íslenskukennslunnar.

Þegar öllu er á botninn hvolft má ef til vill segja að afþreyingarbókmenntir hafi fyrst og fremst skemmtigildi en allur lestur hlýtur að hafa gildi í sjálfu sér og þjálfu t.d. nemendur undir komandi átök, styrkja málvitund þeirra og stafsetningarkunnáttu og virkja þá til þess að ræða um byggingu, persónur, stíl og önnur hugtök bókmenntafræðinnar. Að auki er oft um mannlífsstúdíu að ræða og ekki er vanþörf á því að ræða og skilgreina mannlegt samfélag.

Afþreyingarbókmenntir þarf ekki endilega að kenna í sérsniðnum áföngum. Ég hef lætt slíkum bókum inn á kjörbókalista og í 1. bekk MA var Mýrin langvinsælasta kjörbókin veturinn 2001-2002. Spennusögur og ástarsögur geta líka höfðað til þeirra nemenda sem annars lesa engar skáldsögur og hafa verið utanveltu í allri bókmenntaumræðu.

Vangaveltur

Ræðið gildi afþreyingarbókmennta. Ræðið jákvæð og neikvæð áhrif þeirra. Er mögulegt að lesendur fyllist ranghugmyndum við lestur slíkra bóka eða bíði hreinlega tjón af því að lesa of mikið af einhæfum afþreyingarbókmenntum? Hvernig er persónusköpun háttað? Skoðið óskamyndirnar og kynhlutverkin. eru aðalpersónurnar alltaf gegnheilar og góðar og fullkomnar í útliti og skúrkarðir hreinræktuð illmenni?

Því hefur stundum verið haldið fram að lítill metnaður sé lagður í þýðingu afþreyingarbókmennta og því sé málfar þeirra lélegt og textinn jafnvel löðrandi í villum. Hver er ykkar reynsla? Eru íslenskar afþreyingarbókmenntir illa skrifaðar? Er heimur afþreyingarbókmennta raunsær? Lítið í þessu sambandi á íslenskar sakamálasögur sem lengi áttu erfitt uppdráttar.

II.

9. Sakamálasögur

Sakamálasögur (glæpasögur, krimmar, tryllar, spennusögur, leynilögreglusögur) eiga rætur að rekja til þjóðsagna og skálkasagna 16. og 17. aldar svo og ýmissa ræningjasagna og frásagna af sönnum sakamálum. Þetta eru sögur sem fjalla um glæp og lausn hans. Hér er um að ræða viðamikla grein afþreyingarbókmennta en vissulega eru sakamál oft veigamikill þáttur í ýmsum fagurbókmenntum. Glæpur og refsing eftir Dostojevski er þar aðeins eitt dæmi.

Ef við einblínum á hinar hefðbundnu leynilögreglu- og sakamálasögur þá er upphaf þeirra ótvírætt rakið til smásögunnar *The Murders in the Rue Morgue* eftir Edgar Allan Poe (1841). Þar má sjá mynstur og persónur sem hafa orðið öðrum til fyrirmyndar allt fram til dagsins í dag. Skoðum þetta nánar:

1. **Hinn alvitri leynilögreglumaður.** Chevalier Auguste Dupin er afburða greindur og leysir flóknustu gátur með rökhugsun og greiningu.
2. **Hinn spuruli félagi** leynilögreglumannsins. Hann virkar svolítið einfaldur við hlið meistarans. Félaginn er einmitt að spyrja spurninga sem lesendur eru að velta fyrir sér og alvíska leynilögreglumannsins verður meira áberandi fyrir vikið.
3. **Flókna ráðgátan.** Poe kynnti hina klassísku ráðgátu þar sem manneskja finnst myrt í herbergi sem enginn hefði átt að komast inn í. Og Poe kynnir líka til sögunnar saklausu manneskjuna sem er sökuð um morðið. Aðeins leynilögreglumaðurinn getur hreinsað hana af grun.
4. **Hin óvænta lausn.** Poe notar þá hugmynd að ólíklegasta lausnin sé sú rétta – og auðvitað liggur þetta í augum uppi þegar búið er að greiða úr flækjunni!
5. **Heimska löggan.** Poe lét lögregluna fá tossastimpilinn. Þetta voru gjarnan latir og treggáfaðir náungar sem réðu aðeins við hefðbundin eftirlitsstörf en voru vonlausir við lausn flókinna sakamála. Þar gat aðeins meistarinn sjálfur greitt úr flækjunni.

Í sögum hans togast á hjátrú og vísindi. Poe notar yfirleitt skuggalegt umhverfi. Dupin vinnur helst að næturlagi, heimili hans er á afviknum og drungalegum stað. Morðin eru afar blóðug. En þetta er enginn yfirskilvitlegur hryllingur, þar eru vísindi og rökhugsun á ferð. Morðin eru skipulögð með köldu blóði af greindum glæponum.

Arthur Conan Doyle fetaði í fótspor Poes með Sherlock Holmes og Watson lækni (*A Study in Scarlet*, 1887) og síðan hefur hver spæjarinn á eftir öðrum komið

fram á sjónarsviðið og lagað sig að þjóðfélaginu á hverjum tíma þótt flestir eigi þeir sér einhverja fyrirmynd í Dupin eða Holmes.

Stundum er talað um tvær gerðir leynilögreglusagna: a) Atburðarásin, þ.e. glæpurinn, er þungamiðjan eða b) höfuðáherslan er lögð á uppgötvun glæpsins, athuganir og ályktanir leynilögreglumannsins. Í báðum tilvikum er áherslan þó alltaf á flækjuna, leynilögreglumaðurinn safnar saman smáatriðum og afhjúpar glæpamanninn í lokin. Með skarpskyggni á lesandinn að geta orðið á undan leynilögreglumanninum og hann er þar með býsna virkur þátttakandi í sögunni.

Lítið er lagt upp úr umhverfi og persónum í þessum hefðbundnu fléttusögum, sjónarhornið og samúðin er hjá leynilögreglumanninum en afbrotamanninum er ekki fylgt sérstaklega eftir né reynt að finna samfélagslegar skýringar á hegðun hans.

Það má freista þess að skipta leynilögreglu- og sakamálasögum í nokkra flokka:

- Harðsoðnar sögur, t.d. Dashiell Hammet um harðjaxlinn Sam Spade.
- Samfélagslegar sögur, t.d. Raymond Chandler með núturlegar samfélagslýsingar í sögunum um Philip Marlowe og Per Wahllöo og Maj Sjöwall með sögur sem birtu samfélagsgagnrýni.
- Sálfræðilegar sögur, t.d. Georges Simenon.
- Táknrænar sögur þar sem glæpurinn er dæmi eða tákn með vísun í samfélagið en skáldsagan fjallar mest um annað en glæpinn, s.s. Nafn rósarinnar eftir Umberto Eco.
- Klassískar sögur sem halda velli og endurnýjast, s.s. Agatha Christie, P.D. James, Ruth Rendell og Colin Dexter.

Leynilögreglusögur hafa líka stundum verið flokkaðar eftir þjóðerni. Bandaríska hefðin byggist þannig á harðsoðnum einkaspæjum, sem reyndar þróast með tímanum yfir í alls konar sérfræðinga, s.s. réttarlækna, geðlækna eða lögfræðinga. Bresku sögurnar feta í fótspor [Agöthu Christie](#) og fjalla um glæpi meðal breskrar millistéttar eða hástéttar. Í báðum gerðum er glæpurinn og lausn hans í öndvegi. Norrænar sakamálasögur innihalda meiri samfélagsgagnrýni og allmiklu púðri er eytt í aðstæður glæpamanna og þeirra sem eru að eltast við þá og eiga aðalhetjurnar gjarnan í einhverri kreppu í einkalífínu.

Leynilögreglusögur hafa náð vinsældum á hvíta tjaldinu, s.s. myndir eftir sögum Agöthu Christie og heimilisvinir á borð við Dalglish og Morse. Í bandarískum kvikmyndaiðnaði síðari ára hefur glæpasagan fengið mjög ofbeldisfullan búning. Glæpamenn eru einfaldlega drepnir og málið er úr sögunni, í stað þess að eyða púðri í rannsókn og afhjúpun. Sylvester Stallone tekur einmitt svo til orða í einni slíkri mynd: „If crime is a disease, I am the cure.“ Í sama dúr eru myndir á borð við Dirty Harry, Lethal Weapon og Robo-Cop.

Íslenskar sakamálasögur hafa verið talsvert í sviðsljósinu síðustu árin. Nokkrir unnendur slíkra sagna hafa verið í sambandi við Norræna glæpasagnafélagið sem stofnað var 1991 og er aðili að eldra alþjóðasambandi. [Hið íslenska glæpafélag](#) var síðan stofnað 1999 og fyrsti formaður þess var kjörinn Kristinn Kristjánsson, íslenskukennari í Fjölbautaskólanum við Ármúla. Þá má nefna að Katrín Jakobsdóttir skrifaði BA-ritgerð um íslenskar glæpasögur 1999 og kveðst í viðtali við Morgunblaðið (10. mars 2002) ætla að fjalla um pólitísk gildi í íslenskum

afþreyingarbókmenntum í MA-ritgerð sinni. Íslenskar afþreyingarbókmenntir og þá sérstaklega glæpasögurnar eru þannig að öðlast ákveðinn virðingarsess í samfélaginu.

Upphaf íslenskra leynilögreglusagna hefur verið rakið til smásögunnar Íslenzkur Sherlock Holmes eftir Jóhann Magnús Bjarnason (1910) en rétt er að hafa í huga áhuga Íslendinga á þjóðlegum fróðleik, ekki síst sakamálum fyrri tíma. Nægir að nefna frásagnir af Natan og Skáld-Rósu, Sunnevumálunum og Kambránsmönnum. Sönn sakamál eru því ekki ný bóla hér á landi þótt eiginlegar skáldsögur um sakamál hafi verið fáar á fyrstu áratugum 20. aldar.

Fyrstu íslensku glæpasögunnar eru Húsið við Norðurá (1926) eftir Einar Skálaglam (Guðbrand Jónsson), Leynardómar Reykjavíkur (1932) eftir Valentínus (Steindór Sigurðsson) og Allt í lagi í Reykjavík (1939) eftir Ólaf við Faxafen (Ólaf Friðriksson). Valur Vestan (Steingrímur Sigfússon) skrifaði síðan þrjár sakamálasögur 1948-50 og hétu þær Týndi hellirinn, Flóttinn frá París og Rafmagnsmorðið.

Þarna vekur athygli að höfundarnir kusu að nota dulnefni og segir það að þessi grein hafi ekki verið hátt skrifuð í bókmenntasamfélaginu. Einnig voru skúrkarnir yfirleitt erlendir og bækurnar skrifaðar eftir hefðbundinni amerískri eða evrópskri forskrift. Aðalpersónurnar voru spæjarar og Krummi í bókum Vals Vestan hefur meira að segja einkaþjón sér við hlið, nokkurs konar Watson.

Ameríska hefðin gerði einmitt ráð fyrir spæjurum, afar klókum náungum sem gerðu allt sem lögreglan gat ekki. Tossastimpillinn fylgdi því lögreglunni lengi vel, bæði í sakamálasögunum og raunar líka barna- og unglingsbókum sem fylgdu sömu forskrift. Nægir þar að nefna andstæðurnar í Dularfullu-bókunum eftir Enid Blyton, hinn klára Finn Trotterville og hinn nautheimska Gunnar lögregluþjón. Þetta breytist þó með árunum, lögreglan öðlast meira traust og rannsóknarlögreglumenn taka víða við hlutverki einkaspæjaranna.

Fátt segir af íslenskum sakamálaeyfufurum eftir dulnefnatímabilið en fullyrða má að þessi grein hafi tekið fjörkipp hér á landi þegar bækur Maj Sjöwall og Per Wahlöö voru þýddar á áttunda áratugnum og fram á þann níunda. Þar segir frá Martin Beck og félögum hans í rannsóknarlögreglu Stokkhólms. Undirtitill bókanna var Skáldsaga um glæp og nutu þær tíu bækur sem út komu mikilla vinsælda hér. Sögusvið glæpasagna var komið nær okkur Íslendingum og orðið raunsærra, rannsóknarlögreglumennirnir venjulegt fólk sem þurfti að glíma við trúverðug vandamál, jafnt heima fyrir sem í vinnunni, og samfélagsádeilan oft beinskeytt og hitti í mark á þessum nýraunsæju tímum.

Gunnar Gunnarsson (Margeir lögreglufulltrúi) og Jón Birgir Pétursson freista þess að skrifa sakamálasögur í anda sænsku sagnanna og smám saman fjölga í hópnunum. Ólafur Haukur Símonarson og Leó Löve semja einnig slíka reyfara og menn eru þannig að þreifa fyrir sér á áttunda og níunda áratugnum og fram á þann tíunda. Ekki verður þó annað sagt en að íslenski reyfarinn hafi verið hálfgerð hliðargrein.

Vandamálið sem þessi kynslóð stóð frammi fyrir var að gera sögunnar trúverðugar. Íslenskt samfélag rúmaði vart morðingja og misindismenn, hér voru ekki framdir skipulagðir glæpir heldur stöku voðaverk í ölaði og stundarþrjálaði. Tilraunir glæpasagnahöfunda til að búa til fléttu í kringum skipulagða stórglæpi voru því iðulega ótrúverðugar og í versta falli hjákátlegar.

Örar þjóðfélagsbreytingar, aukin fikniefnaneysla og ofbeldi, flóknara samfélag, tækninýjungar og fleira í þeim dúr hefur skapað frjórri jarðveg fyrir íslenskar glæpasögur. Ný kynslóð höfunda hefur sprottið upp úr þessum jarðvegi á tíunda áratug síðustu aldar og má þar nefna Viktor Arnar Ingólfsson (byrjaði reyndar um 1980 og tilheyrir þannig þeim sem fíkrúðu sig áfram í kjölfar skandinavísku bylgunnar en „kom til baka“ með Engin spor), Arna Þórarinsson, Arnald Indriðason,

Stellu Blómkvist og Hrafn Jökulsson. Þeir/þau skrifa öll harðsoðnar sakamálasögur frekar en gáfulega gátukrimma og eru bækur þeirra í raunsæisstíl og endurspeglar íslenskan veruleika.

Viktor Arnar og Arnaldur sverja sig þó meira í ætt við skandinavísku hefðina þar sem félagslegu vandamálin og einkalíf aðalpersóna setja verulegan svip á verk þeirra. Þá hafa glæpir og glæpamenn verið viðfangsefni fleiri íslenskra höfunda síðustu ár og t.d. mætti kalla Myrkraverk Stefáns Mána sálfræðilega glæpasögu þar sem sálarlíf óbótamannsins er í brennidepli. Áður hefur verið minnst á Birgittu H. Halldórsdóttur sem fjallar iðulega um glæpi í sögum sínum sem kenna má við ást og afbrot.

Vert er einnig að geta þess að glæpasagnalandsliðið, þ.e. Viktor Arnar Ingólfsson, Hrafn Jökulsson, Birgitta H. Halldórsdóttir, Arnaldur Indriðason, Stella Blómkvist, Árni Þórarinnsson, Gunnar Gunnarsson og Kristinn Kristjánsson tóku sig saman og skrifuðu raðsöguna Leynardómar Reykjavíkur sem kom út árið 2000. Sýnir þessi bók glöggt hverju gróskan í glæpasagnagerðinni undangengin þrjú ár hefur skilað í pennialipurð þessara höfunda.

Íslenski krimminn er í stöðugri sókn og ég leyfi mér að halda því fram að hér sé ekki aðeins um að ræða söluvænlega reyfara (sjoppubókmenntir) eða léttmeti sem veiti stundarafþreyingu. Mér er nær að álykta að í mitt hringiðu póstmóðernismans séu sakamálasögurnar hinar raunverulegu afstöðubókmenntir. Þar má oft finna beinskeytta þjóðfélagsgagnrýni og tekið er á viðkvæmum málum svo sem kynferðislegu ofbeldi, spillingu stjórnmalamanna, háskulegum erfðavísindum, hjónaskilnuðum og afleiðingum þeirra, fíkniefnavá, græðgi og ýmsum löstum sem þrífast í samfélaginu.

Hverjir eru það svo sem fletta ofan af spillingu og glæpum? Ekki eru það drykkfelldir spæjarar í anda Marlowe þótt sú mýða lifi reyndar ennþá að hetjurnar þurfi að vera drykkfelldar og einrænar en jafnframt fjölþreifnar. Spæjarar eru víst ekki nógu sannfærandi þegar skrifað er um íslenskt samfélag en rannsóknarlögreglumenn, blaðamenn og jafnvel lögfræðingar eru hinir klóku rannsækendur. Yfirleitt karlmenn, eða hvað?

Athygli vekur að mesta hetjan í sögu Ólafs Friðrikssonar, Allt í lagi í Reykjavík frá árinu 1939, er kona, Sjöfn frá Hlíðarhúsum. Þótt hún sé glæpamaður í sögunni berst hún fyrir réttlæti. Annars eru aðalpersónurnar iðulega karlmenn. Stella Blómkvist brýtur þá hefð en hún líkist þó grunsamlega mikið týpískum karlmanni sakamálasagna í orði og æði, drykkfelld, kjaftfor og lauslát. Elínborg rannsóknarlögreglukona í bókum Arnaldar Indriðasonar er hins vegar trúverðug sem hluti af rannsóknarteymi á lögreglustöð og ágætt mótvægi við Erlend. Þá virðist ljóst að Erlendur hefur lært til verka af konu, sem er hálfgerð huldumanneskja í bókunum og reyndar kemur ekki beint fram hvort Marion Briem er karl eða kona.

Sjálfsagt hefur það aukið á trúverðugleika íslenska krimmans að eftirláta rannsóknarlögreglunni að mestu rannsókn flókinna sakamála enda hafa verkefni hennar í íslensku samfélagi aukist til muna á undanförunum árum og þetta endurspeglast á býsna raunsæjan hátt í skáldsögunum. Það er ekki þar með sagt að hinn eldklári spæjari hafi verið afskrifaður; hann er einfaldlega klókasti rannsóknarlögreglumadurinn. Og þetta form býður upp á ýmsa möguleika, t.d. hin klassísku löggupör, þrennur eða aðrar fámennar einingar sem hafa orðið svo vinsælar í sakamálapáttum sjónvarpsins.

Þessar hugleiðingar um sakamálasögur verða ekki lengri hér en rannsóknarefnin eru mörg. Ég vil aðeins að lokum nefna að vinsældir sakamálasagna skýrast væntanlega af sterkri spennufíkn og forvitni lesenda. Margir njóta þess að láta

draga sig inn í dularfulla og háskalega atburðarás. Þessi spennuför er kærkomin upplýfting og flótti frá tilbreytingarleysinu og menn fá jafnvel útrás fyrir bældar hvatir. Svo vill maður náttúrlega fyrir alla muni hafa uppi á sökudólgunum og ekki skemmir fyrir ef grunsemdir manns reynast réttar. Togstreitupörin rétt-rangt, sakleysisekt, gott-slæmt o.fl. hafa sterk tök í okkur. Við fyllumst réttlátri reiði yfir spillingu og valdniðslu og þráum réttlæti en jafnframt dáumst við að snilld, hvort sem snilligáfan er aðalsmerki hetjunnar eða skúrksins.

Þar eð íslenskar sakamálasögur eru orðnar svo sennilegar að lesendur geta hæglega lifað sig inn í umhverfi þeirra og atburðarás þá er líklegt að vinsældir þeirra muni haldast og aukast frekar á næstu árum. Virðing þeirra hefur a.m.k. vaxið mjög. Mýrin eftir Arnald Indriðason fékk Glerlykilinn, viðurkenningu Norræna glæpasagnafélagsins, fyrir árið 2002 og nú er keppst við að þýða bækur hans á erlend tungumál og jafnvel kvikmynda þær.

Vangaveltur

Hvers vegna skyldu sakamálasögur njóta meiri virðingar en aðrir flokkar afþreyingarþókmennna? Af hvaða ástæðum/hvötum lesið þið sakamálasögur og/eða horfið á sakamálaþætti? Hver er uppáhalds „spæjarinn“ ykkar og hvers vegna? Skoðið helstu spæjara og spæjarapör sakamálasagnanna og reynið að finna samsvaranir á milli þeirra. Skoðið skandinavísku hefðina sérstaklega; allt frá Sjöwall og Wahlöo hefur mikil gróska verið í sænskri, norskri og danskri sakamálasagnagerð og á seinni árum hafa Færeysjar (Jógvan Isaksen) og Ísland bæst í þennan hóp. Kortleggið glæpasagnagerð Íslendinga og freistið þess að flokka sögurnar eftir tímabilum og einkennum. Hvernig hefur þróunin verið? Hafa íslenskar glæpasögur einhverja sérstöðu? Gerið úttekt á verkum einstakra höfundna. Berið t.d. saman blaðamanninn Einar (Arni Þórarinnsson), rannsóknarlögreglumanninn Erlend (Arnaldur Indriðason) og lögfræðinginn Stellu Blómkvist. Hver eru helstu viðfangsefni íslenskra glæpasagna? Hverjir eru vondu karlarnir? Að hverju beinist samfélagsádeilan? Hvaða sögur eru ótrúverðugar og hvaða sögur trúverðugar og hvers vegna?

10. Arnaldur Indriðason

[Bókmenntavefurinn](#) inniheldur mikinn fróðleik um Arnald og verk hans og því fljótlegt og markvisst að smella á tengilinn og óparfi að tíunda allt hér sem liggur ljóst fyrir á næsta bæ. Rétt er að geta þess að hann er fæddur árið 1961 og á ekki langt að sækja rithöfundarhæfileikana auk þess sem hann hefur þjálfað pennann og afþreyingarsýnina með blaðamennsku og kvikmyndagagnrýni.

Þegar þetta er ritað hefur Arnaldur sent frá sér fimm sakamálasögur en þær eru Synir duftsins (1997), Dauðarósir (1998), Napóleonskjölin (1999), Mýrin (2000) og Grafarþögn (2001). Sú sjötta, Röddin, er að koma út núna fyrir jólin 2002. Þá hefur Arnaldur unnið leikgerð eftir þremur sagnanna og kvikmyndahandrit eftir tveimur.

Í fjórum bókanna af fimm er það lögguparið Erlendur og Sigurður Óli sem er í eldínunni og reyndar er Elínborg einnig hluti af teyminu hjá rannsóknarlögreglunni þótt minna fari fyrir henni. Í Sonum duftsins koma þeir Einar og Þórólfur einnig við sögu. Synir duftsins er margbrotin sakamálasaga og mætti líkja við sambland af

Englum alheimsins, vísindatrylli og skandinavískum raunsæiskrimma. Þar er rannsóknin ekki einvörðungu á könnu lögreglunnar því bróðir manns sem fremur sjálfsvíg er sjálfur á kafi í því að rannsaka málið upp á eigin spýtur og síðan í samvinnu við lögregluna.

Napóleonskjölin eru byggð upp í kringum persónu í sögunni, sem verður fyrir því að bróðir hennar hverfur. Lögguparið skýtur aðeins upp kollinum í algjöru aukahlutverki en sagan snýst um stúlku, Kristínu, sem lendir í hringiðu samsæris þar sem öllu er tjaldað til og þrátt fyrir allmikil ólíkindi heldur fléttan manni föstum enda Arnaldur kominn með góð tók á forminu.

Óhætt er að segja að Arnaldur hafi byrjað með kostum og kynjum. Synir duftsins reyndist ekki aðeins lipurlega skrifuð formúlusaga heldur tók hún á mjög heitu máli sem tengist erfðavísindum og bergmálaði mjög áhyggjur fólks af viðgangi þeirra. Þarna kynnumst við lögguparinu sem virðist frekar hefðbundið við fyrstu sýn, eitt af þessum „gamli-ungi“ samböndum. Erlendur er sá gamli, fráskilinn, hirðulaus í klæðaburði, þrautreyndur en lítt menntaður, með spæjarinnsæið í lagi en einkalífið í lamasessi. Sigurður Óli er yngri og hann er vel menntaður, flottur í tauinu, reglufastur og duglegur en að mörgu leyti þröngsýnni og bundnari en Erlendur þrátt fyrir að vera yngri og ferskari.

Við höldum áfram að fylgjast með þeim í Dauðarósum og Mýrinni og lítum nánar á þær bækur hér á eftir. Þeir mæta enn til leiks í Grafarþögn og lesendur eru farnir að líta á þá sem góðkunningja sína, sem og Elínborgu og fleiri á stöðinni. Lesendur fá innsýn inn í persónuleg mál þeirra og fylgjast sjálfsagt jafn forvitnir með þróun þeirra mála eins og sakamála.

Annars er Grafarþögn á allt öðru plani en hinar sögurnar um Erlend og Sigurð Óla því hún fjallar ekki bara um vandamál samtímans eins og félagslegir raunsæiskrimmar gera heldur er glæpurinn áratuga gamall. Tímaflakkið í sögunni, byggingin og þjóðfélagsmyndin eru með þeim hætti að þarna nálgast Arnaldur svið fagurbókmennta. Hann víkkar út formúluna og þykir mörgum Grafarþögn ekki eins auðlesin og hinar sögurnar. Hins vegar er ádeila á brýn samtímamál enn til staðar en sagan fjallar um heimilisofbeldi, kúgun, fordóma og vanrækslu jafnt í dag sem á stríðsárunum. Arnaldi er einkar lagið að flétta inn í sögur sínar vangaveltur um mál sem eru ofarlega á baugi í umræðunni og ádeilan er oft beinskeytt.

Í fyrstu íslensku leynilögreglusögunum og raunar langt fram eftir síðustu öld voru skúrkarnir af erlendu bergi brotnir og þráður sagnanna gjarnan eftirmynd erlendra reyfara. Sögur Arnaldar eru vissulega íslenskar en hvað með glæpamennina? Í Sonum duftsins er það brjálaði vísindamaðurinn Sævar Kreutz sem er af þýskum ættum. Skósveinn hans er Erik Faxen. Í Napóleonskjölunum eru það Bandaríkjamenn sem hafa óhreint mjöl í pokahorninu. Í Dauðarósum er það maður sem ber hið undarlega nafn Kalmann og dvelst mikið erlendis og skósveinn hans er amerískur kúreki og gangster sem reyndar er íslenskur og er kallaður Hebbi. Í Mýrinni heitir ómennið Holberg og er sá vissulega íslenskur en nafnið ansi útlenskt. Í Grafarþögn er sakamálið kannski íslenskara en áður enda gamalt og þar heitir helsti skúrkurinn Grímur. Kannski er Arnaldur smám saman að fikra sig yfir á íslenskari mið og hugsanlega fara Jón Þór Guðmundsson, Kristjana Pálsdóttir og aðrir venjulegir Íslendingar að gerast glæponar.

Vangaveltur

Kortleggið feril Arnaldar Indriðasonar. Hvernig er hægt að lýsa þeirri þróun sem orðið hefur á rithöfundarferli hans? Skoðið hvaða þjóðfélagslegu vandamál og

álitamál hann tekur fyrir í hverri bók. Er hægt að tala um einhvern rauðan þráð sem gengur í gegnum hverja sögu eða er jafnvel gegnumgangandi í öllum sögum hans? Berið saman glæpina í sögum hans og eðli þeirra. Fylgist með þeim Erlendi og Sigurði Óla; þróast þeir eða eru þeir alltaf eins? Þeim er lýst rækilega í Sonum duftsins og þar kemur til nokkurs konar uppgjörs á milli þeirra, en er nauðsynlegt fyrir lesendur að byrja á þeirri bók til að kynnast þeim eða geta þeir gripið hvaða bók Arnaldar sem er og kynnst lögguparinu?

11. Dauðarósir

Afþreyingarbókmenntir lúta í megindráttum sömu lögmálum og skáldsögur yfirhöfuð. Þær fjalla um einhverjar persónur og samskipti þeirra í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma. Frá þessu er síðan sagt á einhvern tiltekinn hátt. Þar með erum við komin með gamalkunnug bókmenntahugtök og getum greint persónur, sögutíma og söguvið, þjóðfélagsmynd, frásagnaraðferð og stíl; þ.e. hin viðurkenndu greiningartæki fagurbókmenntanna.

Þegar bók eins og Dauðarósir er notuð í kennslu er því hægt um vik að beita hefðbundinni bókmenntagreiningu og reyndar oft auðveldara en þegar fagurbókmenntir eiga í hlut því persónur reyfaranna eru iðulega skýrar og langt frá því að vera margbrotnar, þáttur höfundar er líka áberandi og stílbrögð hæfa efninu en það er þá helst fléttan sjálf sem krefst talsverðrar yfirlegu áður en allir þræðir hafa verið raktir.

Til viðbótar er síðan hægt að tengja viðkomandi reyfara við ákveðinn flokk afþreyingarbókmennta, kortleggja einkenni flokksins og hvernig þau birtast í reyfanum, finna samsvaranir og þá líka undantekningar og séreinkenni.

Dauðarósir er önnur sakamálasaga Arnaldar Indriðasonar og kom út árið 1998. Hún hefst á því grípandi myndskeiði að lík ungrar stúlku finnst á leiði Jóns Sigurðssonar, sjálfstæðishetjunnar miklu. Erfiðlega gengur að bera kennsl á stúlkuna og leiðir rannsókn málsins lögregluna eftir margvíslegum krókaleiðum og fljótlega fer sagan að snúast um flest annað en afmarkaða morðrannsókn. Lesandinn fær ansi sláandi mynd af undirheimum Reykjavíkur, spillingu, valdagræðgi, vandamálum landsbyggðarinnar o.fl. sem vert er að skoða.

Lögguparið og fylgifiskar í matreiðslu höfundar

Lögguparið Erlendur Sveinsson og Sigurður Óli eru hér í aðalhlutverki. Höfundur dregur upp skýra mynd af báðum persónunum og skilur harla lítið eftir handa lesandanum. Með því að vitna í orð höfundar hér og þar í bókinni má kortleggja báðar þessar persónur og reyndar flestar persónur bókarinnar, sem og starfsumhverfi og boðskap. Að sjálfsögðu hafði Erlendi og Sigurði Óla verið lýst mjög nákvæmlega í Sonum duftsins en höfundur rifjar þær lýsingar upp fyrir þá sem lásu þá bók og kynnir um leið lögguparið fyrir nýjum lesendum.

Erlendi er fyrst lýst sem fráskildum einstæðingi á fimmtugsaldri sem á erfitt með að sofna (13). Hagir hans eru útmálaðir í svarthvítu: „Erlendur bjó í lítilli íbúð í elsta hluta Breiðholts. Hann flutti þangað eftir skilnaðinn fyrir mörgum árum og þangað komu stundum börnin hans tvö þegar þau þurftu athvarf. Þau voru bæði komin yfir tvítugt. Dóttir hans var fíkniefnaneytandi og sonurinn drykkjumaður. Erlendur

hafði reynt að hjálpa þeim eftir megni en fann eftir ítrekaðar tilraunir að baráttan var vonlaus. Hann hengdi sig í einfalda heimspeki: Lífið verður að hafa sinn gang. Þau fundu fljótlega eftir að þau fóru að umgangast hann að ráði, að móðir þeirra hafði ekki sagt satt þegar hún úthúðaði honum í þeirra eyru. Skilnaðurinn hafði gert hann að hennar versta óvini og um leið versta óvini barnanna þeirra. Hún útmálaði hann sem skrímsli.“ (15)

Lesandinn fær strax samúð með þessum einstæða karli og allar senur er lúta að börnum hans og fyrrverandi eiginkonu ýta enn frekar undir samúðina. En hann er greinilega klár í starfi, hann hefur neista og náttúrutalent sem skyggja á minnimáttarkenndina. Já, höfundur sér líka ástæðu til að taka ómakið af lesandanum þegar hann ber þá féлага Erlend og Sigurð Óla saman. Erlendur er rannsóknarlögga af gamla skólanum, þjóðlegur gáfumaður sem hefur látið verkin tala og nýtur reynslu í stað menntunar. Sigurður Óli er afsprengi nýja tímans, menntamaðurinn.

„Þeir gátu orðið talsvert barnalegir þegar þeir kepptust um hvor væri betur að sér, Erlendur haldinn minnimáttarkennd vegna gagnfræðaprófsins en Sigurður Óli fullur af sjálfbirgingshætti með sína prófgráðu úr Háskólanum og aukánám í Bandaríkjunum. Gat ekki að því gert. Hann var óþolandi.“ (19)

Þetta stöðuga upplýsingastreymi og mat frá höfundinum getur orðið býsna hvítleitt fyrir hinn skarpskyggna lesanda sem vill ekki síður ráða sjálfur í persónurnar en flækjuna. Hins vegar er óvíst að nemendur taki eftir þessu við fyrsta lestur, þeir gera sér ákveðna mynd af persónunum en vita ekki endilega hvernig sú mynd er tilkomin. Auk þess er þetta alþekkt stílbragð í leynilögreglugögum.

Áfram með Erlend. Fram kemur að hann er ágætlega lesinn og fróður og minnir að mörgu leyti á hinn sjálfmenntaða alþýðumann sem á svo djúpar rætur í þjóðarsálinni. Hann er þjóðernissinni, mótfallinn amerískum áhrifum og skiptir ekki við McDonalds. Hann hefur áhuga á íslensku máli og þolir illa þegar því er misþyrmt. Athyglisgáfa hans er í góðu lagi, samtaltækni bærileg þegar við á; hann er iðulega stuttur í spuna en markviss þegar hann er að yfirheyra aðra. Það fer ekki fram hjá honum þegar fólk er að ljúga, reynsla hans hefur kennt honum að þekkja einkennin. Klókur, vinnusamur, dálítið hrokafullur einstæðingur; í raun óskamynd rannsóknarlögreglumannsins sem þarf að vinna langan dag í starfi sem varla er fjölskylduvænt.

Veikleikar Erlendar tengjast hinum alræmdu draugum fortíðar, svo vitnað sé í ástarsagnafrasa, og áhrifum þeirra á sálarlíf hans. Hann kennir sjálfum sér að stórum hluta um hvernig komið er fyrir börnum hans, eiturlyfjaneytandanum Evu Lind og alkóhólistanum Sindra Snæ. Hann telur sér trú um að allt hefði farið betur ef hann hefði fórnað sér og reynt að þrauka í vondu hjónabandi en reyndar útilokar hann ekki þann möguleika að fiknin sé genetísk því mörg dæmi eru um veiklyndar fyllibyttur í báðum fjölskyldunum (56-57). Sjálfsvorkunn sækir iðulega á hann eða sjálfsásökun og því vonlegt að hann skuli stundum vitna í Jóhann skáld Jónsson: Hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað? Þó er ekki að sjá í þessari bók að Erlendur noti mikið hin hefðbundnu ráð einmana og tættis spæjara, að sökkva sér á kaf í flöskuna.

Höfundur stenst ekki freistinguna frekar en fyrri daginn og dregur upp mynd af Erlendi heima hjá sér: „Ef til væri persónuleg mynd af Erlendi væri hún tekin heima hjá honum um kvöld eða helgi og sýndi hann einan í rökkvaðri stofunni við lestur eða upplýstan af sjónvarpinu, sofandi. Hann lifði einmanalegu, fábrotnu lífi. Hann hafði ekki tekið sér sumarfrí svo árum skipti. Hann var ekki vinamargur, umgekkst nánast eingöngu samstarfsmenn sína hjá lögreglunni. Hann leitaði ekki eftir vinum. Fann ekki þörfina.“ (26)

Börn Erlendar og fyrri kona koma við sögu og sérstaklega er Eva Lind áberandi enda er hún gerð að tengilið rannsóknarlögreglumannsins við dópheiminn, sem er mikilvægur hluti söguviðsins. Greina má ýmsa fleti á samskiptum þeirra en yfirborðsmyndin er þó skýr; Eva Lind er fíkill og það er fíknin sem stjórnar gerðum hennar. Erlendur getur ekkert gert í málinu. Stundum fyllist hann bræði og vanmáttarkennd en svo rennur af honum og hann áttar sig á því að enginn getur hætt í sollinum nema hann vilji það sjálfur. Öll þessi togstreita litar mjög persónu hans og tengist líka því starfsumhverfi sem hann hrærist hvað mest í. Þannig fléttast persónuleg og félagsleg vandamál stöðugt inn í líf rannsóknarlögreglumannsins og Erlendur verður mannlegri fyrir vikið og e.t.v. trúverðugri í augum lesandans.

Sigurður Óli er fulltrúi nýja tímans, eins og áður er vikið að, menntamaðurinn sem vinnur eftir kenningum fræðanna frekar en reynslu. Þessar andstæður þekkjast í flestum starfsgreinum og því engin nýmæli hér á ferð enda gengur Arnaldur inn í þá hefð að tefla fram ólíkum einstaklingum sem löggupari. Sá gamli og hinn ungi er klassískt minni í þessum geira.

Sigurður er með framhaldsmenntun frá hinni stóru Ameríku. Hann er vel klæddur, snyrtilegur, reykir ekki, stundar líkamsrækt, öfugt við Erlend, en persóna hans líður náttúrlega fyrir það að vera lærisveinn meistarans. Hann er ekki eins sögufróður og meistarinn og hefur ekki sama reynslubrunninn að ausa úr.

Fljótt á lítið gæti maður haldið að allt væri í lukkunnar velstandi hjá hinum unga rannsóknarlögreglumanni. Reyndar er hann farinn að losa þrúgt og er ókvæntur. Erlendur hefur áhyggjur af því og þótt það sé ekki áberandi er Erlendi alls ekki sama um þennan lærisvein sinn. En lítum aðeins á það sem er að gerjast í kalli Sigurðar. Sem fyrr er það höfundur sem gefur okkur innsýn í persónuna:

„Sigurður Óli hafði ekki búið með konu eftir að hann kom frá Bandaríkjunum fyrir fjórum árum; þar áður átti hann í stuttum ástarsamböndum sem engin framtíð var í. Stundum, æ oftar í seinni tíð, hugsaði hann um að festa ráð sitt. Flestir ef ekki allir vinir hans voru kvæntir eða í sambúð og hann átti sífellt erfiðara með að draga þá út á lífið um helgar.“ (41)

Síðan rekur höfundur mannkosti hans og veikleika: „Líklega skipti þó mestu að Sigurður Óli var farinn að drekka full mikið á einsemdarráfi sínu. Hann var alltaf vel til hafður, snyrtilegur í klæðaburði, sótti líkamsrækt og ljósátíma og átti alls ekki í erfiðleikum með að kynna fólki og síst af öllu kvenfólki, hávaxinn og grannur og fríður í andliti, samræðugóður yfirleitt. Maður sem vildi hafa sitt á hreinu og skilaði því hundrað prósent af sér sem hann á annað borð tók sér fyrir hendur. Metnaðarfullur í starfi og ákafur í að koma sér áfram innan Ríkislögreglustjóraembættisins, vottaði fyrir hroka og mörgum þótti hann drjúgur með sig. Hin síðari misseri var hann æ oftar orðinn skjóðufullur áður en hann vissi af og tapaði jafnvel minninu.“ (42)

Við fáum þær upplýsingar að Sigurður Óli hafi fengið slæman mórál eftir fylleri, enda slítandi sálarlega fyrir metnaðarfullan mann að hafa ekki stjórn á gerðum sínum, missa ráð og rænu og ranka við sér einhvers staðar þar sem síst skyldi. Hann vill því taka sig á og í Dauðarósum er höfundur að leitast við að festa hann í sessi sem andstæðu Erlendar og til þess að fullkomna verkið þarf Sigurður Óli að verða hamingjusamur fjölskyldumaður. Þess vegna býr hann til dálitla ástarsögu, tengir Sigurð Óla við aðlaðandi konu, Bergþóru, sem er vitni í sakamálinu og kemur við sögu í snjöllu upphafsatriði bókarinnar. Í lokin eru Sigurður Óli og Bergþóra farin að búa saman.

Segja má að höfundur vari sig á því að falla í þá gryfju að gera Sigurð Óla of vélrænan eða of mikinn uppskafning, eins og sjálfsagt hefði verið freistandi til að kallast sterkar á við Erlend. Maður sem iðrast er alltaf mannlegur, ástfanginn maður

sömuleiðis. Þannig fer lesandanum einnig að líka ágætlega við Sigurð Óla þótt samúð hans og/eða aðdáun sé mest bundin við Erlend.

Samstarfsfólk þeirra kemur ekki mikið við sögu. Elínborg og Þorkell eru nefnd á nafn og er Elínborg veigameiri persóna. Henni er svo lýst: „Elínborg var á óræðum aldri, einhvers staðar milli fertugs og fimmtugs. Hún var í góðum holdum án þess að vera feitlagin, hafði besta fatasmekkinginn af þeim sem störfuðu við embættið og var annálaður kokkur. Mataruppskriftir hennar voru eftirsóttar og hún sparaði þær ekki þótt að mörgu leyti væri hún hálfgerður þurs í mannlegum samskiptum. Kjúklingur var hennar eftirlæti og hún kunni óteljandi aðferðir við að matreiða hann. Börnin hennar þrjú nutu góðs af og eiginmaðurinn, sem átti lítið bifreiðaverkstæði, hafði á henni ómælda matarást.“ (29)

Þarna er sumsé komið tákni hinna mjúku gilda inn í rannsóknarlögregluteymið, móðurímýndin eða eiginkonuímýndin sem þá Erlend og Sigurð Óla skortir. Elínborg lætur sér annt um félagi sína, reynir að hjálpa þeim og beina þeim á réttar brautir. Til dæmis bauð hún Þorkeli í mat eftir að kærastan hafði sagt honum upp og leyfði honum að gráta yfir tandoori-kjúklingnum hjá sér. Annars virðist Elínborg gegna því hlutverki að stjórna á stöðinni þegar Erlendur og Sigurður Óli eru á vettvangi. Þorkell virkar hins vegar eins og veiki hlekkurinn í teyminu, sá sem fær skammirnar (sbr. 179). Klárar löggur þurfa líka alltaf að hafa einhverjar óklárari með sér til að njóta yfirburðanna.

Aðrar helstu persónur og söguvið

Kalman, Herbert, Janus og Birta eru þær persónur sem hafa mestu hlutverki að gegna í sakamálafléttu sögunnar. Þar kemur mjólkurþambarinn líka við sögu. Áður er minnst á þátt Evu Lindar sem tengir Erlend við dópheiminn, svo og Bergþóru sem rektar á líkið á leiðinu í upphafi sögunnar og verður síðan sambýliskona Sigurðar Óla.

Persónur eru dregnar skýrum dráttum; ekki síst kónar á borð við Hebba og mjólkurþambarann. Þar er vægast sagt um klisjukenndar og týpískar lýsingar að ræða. Kalman er aðeins flóknari en þó rekur höfundur feril hans, athafnir, tilgang og hugsanir það nákvæmlega að lesendur eiga auðvelt með að dæma hann. Samband Janusar og Birtu er e.t.v. hin viðkvæma og vel unna lína sem liggur gegnum söguna og dýpkar mynd hennar. Aukapersónur eru íðulega týpur sem maður dæmir eftir örstutt kynni.

Líkfundurinn og beinar afleiðingar hans, þ.e. morðmálið sem slíkt, er ekki þungamiðjan í sögunni. Fléttan er margbrotin. Þetta er saga um aukna hörku í undirheimum Reykjavíkur, saga um klámvæðingu, súlustaði, eiturlyf, vændi, innfluttar konur, eyðni, ofbeldi, þjáningar og dauða. Já, ekki gæfuleg mynd (hvar hafa dagar lífs míns lit sínum glatað?). Og ástandið er líka svart á landsbyggðinni. Kvótakerfið er að ganga af henni dauðri; þorp á landsbyggðinni leggjast í eyði og braskarar græða á því að byggja yfir fólkið í nýjum hverfum í Reykjavík, menn sem eiga lóðirnar og kaupa síðan kvótann til að hrekja fólkið á mölina.

Sagan gengur síðan út á það að hræra þessu saman; hinu skrautlega persónugalleríi, vanda landsbyggðarinnar, undirheimum Reykjavíkur, siðferðilegum álitamálum, félagslegum vandamálum, glæparannsókn lögreglunnar og einkalífi aðalpersónunnar. Úr verður raunsæisleg samtímasaga með þjóðfélagslegri ádeilu en um leið spennandi sakamálasaga.

Það sem hér hefur verið rakið kallar á nánari greiningu og best er gera slíkt með umræðu og fjölbreyttum verkefnum. Hér á eftir fer verkefnapakki þar sem til

grundvallar er greining á persónum og þjóðfélagsmynd, ýmis hefðbundin bókmenntaverkefni framan af en síðan önnur nálgun þar sem við nálgumst samtímaheim sögunnar með rannsakandi augum blaðamanns. Að auki eru tillögur um aðra nálgun.

Verkefni úr Dauðarósum

1. Rannsóknarlögreglumaðurinn Erlendur Sveinsson.

Hver er staða hans innan Ríkislögreglustjóraembættisins? Hvernig fagmaður er hann? Er líklegt að hann muni hækka í tign? Hvað einkennir vinnubrögð hans? Er hann enn ferskur í starfi eða er farið að gæta kulnunar? Líkist hann einhverjum öðrum spæjurum glæpabókmenntanna og þá hverjum? Væri persónan Erlendur á einhvern hátt öðruvísi og þá hvernig ef um væri að ræða konu? Hvernig er samskiptum Erlendar við vinnufélagana háttað? Lýsið sérstaklega sambandi hans við Sigurð Óla, nánasta samstarfsmann sinn.

2. Sigurður Óli í leik og starfi.

Hver er staða Sigurðar Óla í rannsóknarlögreglunni við hlið meistarans? Lýsið hæfileikum hans og metnaði í starfi. Gefur höfundur nauðsynlegar upplýsingar um Sigurð Óla, of litlar eða jafnvel of miklar? Hvernig líkar ykkur við hann? Eru einhver dæmi þess að hann sé hrokafullur og telji sig yfir Erlend hafinn? Hvernig vegnar honum í einkalífinu? Takið út samband hans og Bergþóru. Er það óviðeigandi við þessar aðstæður eða eðlilegt? Hvaða áhrif hefur það á persónu Sigurðar og framgang mála í sögunni? Er Sigurður Óli líklegur arftaki Erlendar eða hvert skyldi hann stefna?

3. Erlendur í einkalífinu.

Hvað segir höfundur okkur um persónulega hagi Erlendar? Hafið þið samúð með honum (hvers vegna/ hvers vegna ekki)? Hvaða hug ber hann til barna sinna og hvernig er sambandi hans við þau háttað? En hvað með sambandið við fyrrverandi eiginkonu? Hvað segir það um Halldóru? Hvað gerir Erlendur í frístundum og hvernig skyldi honum líða? Hefur einkalífið einhver áhrif á störf hans? Væri hann e.t.v. ekki eins sannfærandi týpa ef hann væri hamingjusamur fjölskyldumaður og ynni á stöðinni frá kl. 9-17?

4. Eva Lind.

Hvernig persóna er hún – eða er hún aðeins andlitslaus dópisti? Hver eru tengsl hennar við föður sinn? Hvaða tilfinningar hefur hún alist upp við að bera til hans og hvernig eru þær að þróast? Hvaða hlutverki gegnir Eva Lind í sögunni með tengslum sínum við dópheiminn? Hvaða mark setur hún á persónu Erlendar? Hvernig hefði Erlendi vegnað við rannsókn málsins ef dóttir hans hefði ekki verið tengiliður við undirheimana?

5. Kalmann.

Gerðu grein fyrir manninum og umsvifum hans. Líkist hann á einhvern hátt raunverulegum „athafnamanni“ í því þjóðfélagi sem við þekkjum í dag? Eru viðskipti

hans eðlileg eða siðlaus? Er hann glæpon eða bissetur? Dragið upp heilsteypa mynd af manningum og veldi hans og leggið sjálfstætt mat á niðurstöðuna.

6. Herbert.

Er hann sennilegur gangster í Reykjavík eða of ýktur og amerískur? Hver eru helstu einkenni hans eða sérkenni? Á hann sér einhverjar fyrirmyndir eða hliðstæður? Kemur hann fram sem sjálfstæður athafnamaður eða milligöngumaður Kalmanns við undirheimana? Hvernig er sambandi Hebbu og Kalmanns háttáð?

7. Samband Birtu og Janusar.

Lýsið sambandi þeirra á æskuárunum. Rifjið upp lífgjöfina. Hvernig ber fundum þeirra saman á ný mörgum árum seinna? Skilgreinið samband þeirra og samskipti síðustu árin. Hvað vakir fyrir Janusi? Hvaða hug ber Birta til Janusar? Var einhver von til þess að þau næðu saman eða var ykkur ljóst hvert stefndi?

8. Gerið örstutta grein (2-5 línur) fyrir eftirfarandi aukapersónum, einkennum þeirra og hlutverki í sögunni:

- a) Mjólkurþambarinn
- b) Jóel
- c) Tölvusénið sem fer með Bergþóru í kirkjugarðinn
- d) Sindri Snær
- e) Halldóra
- f) Húðflúrarinn
- g) Ingjaldur sagnfræðingur
- h) Gunna tunna
- i) Erla
- j) Sambýlismaður Evu Lindar
- k) Bergþóra

9. Dragðu upp glæpafléttu sögunnar (söguþráðinn) í stórum dráttum í réttri tíma- og atvikaröð.

10. Eru eftirtaldir persónur sekar um einhverja glæpi og þá hvaða? Tilgreinið líka hvers kyns siðlaust athæfi sem þarf ekki endilega að flokkast undir lögbrot.

- a) Birta
- b) Janus
- c) Herbert
- d) Kalmann

11. Í ljósi þessa, hver er þá hinn raunverulegi glæpur í sögunni? Hver er glæpamaðurinn, hverjum á að refsast í sögulok? Eða snýst þessi saga e.t.v. ekki um tiltekinn glæp og lausn hans? Hvað þá?

12. Skoðið og kortleggið þjóðfélagsmyndina sem dregin er upp í bókinni. Takið sérstaklega fyrir þjóðfélagsgagnrýnina sem birtist m.a. í eftirfarandi þáttum:

- a) Kvótakerfið og brottflutningur úr landsbyggðarþorpum til höfuðborgarsvæðisins
- b) Nektarstaðir, innfluttar dansmeyjar og tengsl við vandi, eiturlyf og eyðni
- c) Þverrandi söguvitund þjóðarinnar og hnignun íslenskunnar

- d) Upplausn fjölskyldunnar, afleiðingar hjónaskilnaða, rótleysi æskunnar og vandi aðstandenda fikla

13. Kortleggið undirheimana. Dragið upp mynd af dópheiminum m.t.t. heildsala, burðardýra, smásala, viðskiptavina og alls lífernissins í kringum þetta, bæði á botninum og uppi á toppi.

14. Gerið grein fyrir sjónarhorni höfundar, stíl hans og tókum á söguþræði og persónum. Takið dæmi og útskýrið. Er höfundur alvitur, sér hann inn í huga allra persóna, gefur hann upplýsingar um persónur og umhverfið, er hann nálægur og jafnvel ágengur? Er frásögnin hlutlæg eða stundum huglæg? Nefnið dæmi. Hvaða stílbrögð notar hann helst?

15. Tiltakið dæmi um gamansemi, kaldhæðni og kerskni í sögunni. Er húmorinn bundinn við einhverjar persónur og þá hverjar? Er hann þá hluti af persónusköpun eða hvers vegna er yfirhöfuð húmor í sögunni? Er það höfundurinn sjálfur sem kemur með þennan húmor?

16. Lýsið söguviði bókarinnar og sögutíma. Er þetta sannfærandi mynd af íslenskum veruleika? Hvers vegna/ hvers vegna ekki? Er þjóðfélagsmyndin raunsæisleg? Falla persónur inn í þessa mynd eða er munur á raunsæinu í sköpun persóna og umhverfis?

17. Hvaða merkingu lögðu þið í það að líkið skyldi hafa verið lagt á leiði Jóns Sigurðssonar? Hvaða tilfinningar vakti þá lausn þeirrar gátu og hvernig tengist hún stíl höfundar og andblæ bókarinnar?

18. Veltið fyrir ykkur siðferðislegum álitamálum sem upp kunna að koma í tengslum við líflát Birtu. Var þetta líknardráp? Er á einhvern hátt táknrænt að gerandinn skuli vera sá sem þáði líf af Birtu forðum eða er þetta dæmi um kaldhæðni höfundar?

19. Fréttir.

Hin raunsæja samtímalýsing sögunnar gerir það að verkum að hæglega má vinna margar fréttir upp úr henni. Gott er þá að hafa í huga uppbyggingu fréttanna. Fyrirsögn þarf að vera grípandi en ekki á skjön við efnið. Í inngangi koma flest hv-atriðin fram. Hvað gerðist, hvenær, hvar, hver átti í hlut, hvernig eða hvers vegna? Meginmálið er síðan lýsing atburða í réttri tímaröð, studd heimildum, þ.e. vitnað er beint eða óbeint í heimildarmenn. Niðurlag fréttanna felst gjarnan í viðbótarupplýsingum sem má klippa burt ef stytta þarf fréttina. Sem dæmi má nefna að ef fréttin snýst um húsbruna þá er gjarnan í niðurlagi sagt aðeins frá sögu hússins.

Upplagt væri að skrifa frétt um einhvern af eftirtöldum atburðum og búa til heimildarmenn eftir þörfum (munið að lögreglan er iðulega varkár í yfirlýsingum en blaðamenn deyja ekki ráðalausir!):

- Líkfundurinn í kirkjugarðinum – fyrsta frétt
- Rannsókn málsins, dánarorsök, stúlkan óþekkt – önnur frétt
- Kennsl borin á líkið, morðingjans leitað – þriðja frétt
- Lausn málsins – fjórða frétt
- Hvarf mannsins sem sást síðast á Hafnarkránni (101)
- Heimsókn lögreglunnar til Herberts (71)
- Hvarf Herberts – fyrsta frétt

- h) Atburðirnir í reykofninum – önnur frétt
- i) Vændi í Reykjavík (rannsóknarblaðamennska)
- j) Dópsalar í Reykjavík (rannsóknarblaðamennska)
- k) Braskað með kvóta og lóðir (rannsóknarblaðamennska)
- l) Húsbruninn í Mosfellssveit og eigendaskipti jarðarinnar (211)
- m) o.s.frv.

20. Viðtöl.

Það er einnig upplagt að taka viðtöl við nokkrar persónur. Þetta geta verið stutt viðtöl um störf, áhugamál og annað, slúðurviðtöl í Séð og heyrt stíl, harðar og beinskeyttar yfirheyrslur eða jafnvel hallelúja- eða viðhafnarviðtöl. Dæmi um viðtalsefni fyrir blaðamenn:

- a) Bergþóra opnar sig. Vitni í morðmáli segir frá því hvernig hún varð ástfangin af lögreglumanninum sem yfirheyrði hana.
- b) Harðjaxlinn Erlendur. Reyndasti rannsóknarlögreglumaður landsins í fróðlegu viðtali um starfið og aukna hörku í undirheimunum.
- c) „Ég er enginn fokkings Franklín“ – Hebbi ber til baka sögusagnir um fíkniefnasölu og fleira misjafnt.
- d) Auðmaður Íslands. Einstakt viðtal við kvótakónginn og landvinningamanninn Kalmann.
- e) Dagur í ræsinu. Dóttir þekktis manns í löggæslugeiranum segir frá núturlugu lífi fíkilsins.
- f) Krónprinsinn. Sigurður Óli hyggur á frægð og frama hjá embætti Ríkislögreglustjóra.

21. Lesendabréf.

Lifið ykkur inn í söguheiminn. Skriðið lesendabréf um einhver mál sem koma við sögu. Það má t.d. skrifa kvörtunarbréf vegna lyktar frá reykofninum, um súlustaði, eiturlyf og vændi, um vanhelgun á leiði Jóns Sigurðssonar og margt annað mætti tiltaka.

22. Útvarps- og sjónvarpsefni.

Hér á undan voru tillögur að blaðfréttum svo og viðtölum fyrir blöð og tímarit. Einnig mætti taka upp útvarps- eða sjónvarpsfréttir og umræður í útvarps- eða sjónvarpssal. Það væri t.d. ekki galið að búa til Kastljóspátt eða hafa hringborðsumræður í sjónvarpi með þátttöku einhverra persóna.

23. Leikþættir.

Auðveldlega mætti sviðsetja nokkrar senur úr bókinni og taka slíka leikþætti upp á myndbönd. Þetta gefur nemendum færi á að koma með hugmyndir um útlit, fas og talanda persóna.

24. Tónlistarmyndbönd.

Nú á tímum rímnaflæðis og tónlistarspuna, sem oft er kennt við rapp, væri ekki úr vegi að lýsa persónum eða atburðum í gegnum rapptexta. Persónur gætu jafnvel komið fram með sjálfslýsingu í rappformi. Myndi þetta brjóta upp hið hefðbundna form persónulýsinga.

25. Ljóðabók.

Hvernig væri að taka saman ljóðabók bekkjarins upp úr Dauðarósum? Nemendur fengju þá ákveðin verkefni og persónur til að yrkja um og yrði þess gætt að spanna helstu svið bókarinnar. Þá yrði til ný útgáfa af Dauðarósum og mætti leyfa Jóhanni Sigurjónssyni að ríða á vaðið með ljóðinu sem gæti túlkað lífshlaup Birtu eða Evu Lindar:

Dregnar eru litmjúkar
dauðarósir
á hrungjörn lauf
í haustskógi.
Svo voru þínir dagar
sjúkir en fagrir
þú óskabarn
ógæfunnar.

12. Mýrin

Fjórða skáldsaga Arnaldar Indriðasonar, Mýrin, kom út árið 2000. Undirtitill hennar er „spennusaga“. Þegar hér er komið sögu er Arnaldur orðinn það þekktur og vinsæll höfundur að undirtitill ætti að vera óþarfur og lesendur vita væntanlega að hverju þeir ganga. Arnaldur er spennusagnahöfundur og í káputexta kemur fram að í sögunni eru góðkunningjar lesenda, Erlendur og Sigurður Óli, að rannsaka dularfullt morðmál.

Roskinn maður finnst myrtur í kjallaraíbúð sinni í Norðurmýrinni í Reykjavík. Brátt kemur á daginn að hér er ekki um einangrað morðmál að ræða, ekki frekar en í Dauðarósum. Aðdraganda málsins má rekja til fortíðar, líkt og í fyrri bókum Arnaldar. Í skrifborði hins myrta finnst ljósmynd af leiði fjögurra ára gamallar stúlku og lögreglan er teymd inn í gamla glæpi og fjölskylduharmleik.

Höfundareinkenni Arnaldar eru farin að verða býsna skýr. Hann byggir sögur sínar ekki í kringum einhverja stundarglæpi samtímans, auðgunarbrot eða morð framin í ölæði, heldur lætur hann samtímamann kallast á við fortíðina og glæpurinn sem hver saga snýst um er afleiðing af langri gerjun, oft með víðtækri skírskotun. Í Sonum duftsins var rosinn kennari myrtur en fléttan nær nokkra áratugi aftur í tímann og tengist tilraunum, erfðataekni og misnotkun. Dauðarósir snúast einnig á yfirborðinu um eitt morð en aðdragandinn er býsna langur og höfundur tengir fléttuna út og suður. Napóleonskjölin byggjast líka á gömlu leyndarmáli sem er grafið upp í bókstaflegri merkingu en samtímafólk dregst óvænt inn í málið. Í Grafarþögn gengur höfundur síðan alla leið; sagan snýst ekki um neinn samtímaglæp heldur áratugagömul mannabein sem finnast í húsgrunni og sjálf glæpasagan er því gömul og löngu liðin þótt lausnin verði loks í nútímanum.

Í flestum bókanna kemur það fram, í gegnum vangaveltur Erlendar eða höfundar sjálfs, að sjaldan eru framin morð að yfirlögðu ráði á Íslandi og fátt er um markvissa og skipulagða stórglæpi. Talað er um tilviljunarkennd ofbeldisverk, framin í stundarbrjálæði og nánast alltaf undir áhrifum vímuefna. Þannig er ætíð hamrað á því hvað glæpurinn í viðkomandi bók sé í raun merkilegur því hann fellur ekki undir þessa skilgreiningu; alltaf er eitthvað meira á bak við en stundarbrjálæði. Hins vegar bendir höfundur líka iðulega á þá staðreynd að hin óútskýrðu mannhvörf geti verið dæmi um hinn fullkomna glæp. Fólk hverfur, kannski fremur það sjálfsvíg eða hreinlega lætur sig hverfa en stundum er því fyrirkomið án þess að málið upplýsist.

Arnaldur notar fleiri þætti til að auka á trúverðugleika sagna sinna. Allar sögur hans fjalla um viðkvæm mál sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu hverju sinni. Í bókum sínum hefur hann stungið á kynferðislegri misnotkun barna, óprúttum tilraunum vísindamanna, klónun, hugsanlegum leyndarmálum Bandaríkjamanna hér á landi, kvótabraski, eiturlyfjasölu áhrifamanna, klámi og vændi, heimilisofbeldi, vanda aðstandenda fikla og aðbúnaði fiklanna sjálfra og barna þeirra og þannig mætti áfram telja.

Mýrin bergmálar að sumu leyti erfðavísindaumræðuna úr Sonum duftsins en umhverfið er þó allt sennilegra hér og vonlítið að horfa framhjá því að Karítas hjá Erfðagreiningarmiðstöð Íslands í sögunni líkist mjög Kára Stefánssyni hjá Íslenskri erfðagreiningu. Umræðan um gagnagrunninn og dulkóðun, arfgengi sjúkdóma og rannsóknir þar að lútandi endurspeglar líka heitar umræður í íslensku samfélagi. Sömuleiðis er meðhöndlun líffæra úr látnu fólki viðkvæmt mál sem tekið er á og þá ekki síður umræðan um nauðgunarmál og framgang þeirra eins og hann er rakinn í bókinni, m.a. með hliðsjón af kæru Kolbrúnar og viðbrögðum Rúnars lögregluþjóns, svo og klámefni á netinu. Allt saman brennandi mál í samfélaginu í dag.

Þessi mál koma þó ekki strax við sögu. Erlendur og Sigurður Óli eru einfaldlega að rannsaka morðið á Holberg nokkrum en tilefnið virðist óljóst og lítið að byggja á í byrjun. Smám saman fléttast inn í þetta gamalt nauðgunarmál, dauði barns, mannhvarf og sitthvað fleira. Eins og fyrri daginn þarf Erlendur sömuleiðis að takast á við erfiðleika í einkalífinu og nú er dóttir hans, dópistinn Eva Lind, orðin ófrísk og allt stefnir í voða.

Sagan er spennandi og smám saman fer lesandinn að átta sig á hinum og þessum tengingum en lausnin er alls ekki augljós. Það getur verið krefjandi verkefni fyrir lesendur að raða brotunum saman í fléttunni sjálfri og síðan fer talsvert þúður í samskipti Erlendar og Evu Lindar, björgunartilraunir hans sem og áhyggjur hans af eigin heilsu. Samskiptin á vinnustaðnum ganga líka upp og ofan og þá eru ótalin samskipti við ýmsar stofnanir.

Ekki verður flétta sögunnar rakin frekar hér eða farið út í nákvæmar persónulýsingar. Það sem sagt var um Erlend og Sigurð Óla í kaflanum um Dauðarósir á að mestu við hér einnig. Persónurnar virðast lítið hafa þróast og í raun bera þær nokkur einkenni persóna í seríubókum. Hver man ekki eftir Frank og Jóa, krökkunum í Fimm-bókunum, Bob Moran, Nancy, Kim og fleiri seríupersónum unglingsbókanna? Ný bók á hverju ári með nýjum ævintýrum en persónurnar voru nánast jafngamlar í hverri bók. Hér virðist Erlendur sem fyrr vera um fimmtugt, börnin hans rúmlega tvítug og tuttugu ár frá skilnaði Erlendar og Halldóru, Sigurður Óli liðlega þrítugur og margt sem bendir til þess að tíminn hafi staðið í stað hjá þessum persónum og í samskiptum þeirra.

Vissulega mætti skoða þessar persónur nánar í gegnum allar bækurnar og kortleggja þróun þeirra en svo virðist sem höfundur hafi byggt bækur sínar þannig upp að það er nokkurn veginn sama á hvaða bók lesandinn byrjar. Hann fær alltaf ákveðnar grunnupplýsingar um Erlend og börnin hans svo og Sigurð Óla og samskipti þeirra Erlendar.

Í Mýrinni eru þó nokkur merki um það að tíminn standi ekki í stað. Erlendur er verri til heilsunnar, með sting fyrir brjósti. Eva Lind er orðin ófrísk. Sigurður Óli býr með Bergþóru sinni sem hann kynntist í Dauðarósum og í því sambandi má nefna að í næstu bók, Grafarþögn, er samband þeirra komið það langt að grillir í brúðkaupsbjöllur og barneignir. Að minnsta kosti reynir Bergþóra mikið til þess og hún segir að þau séu búin að vera saman í þrjú til fjögur ár. Í Grafarþögn höldum við líka áfram að fylgjast með hinni ófrísku Evu Lind og sjáum hvornig það fer allt saman

þannig að í raun er nokkur þróun í gangi þótt hún virðist æði hægfara og höfundur mildar hana þannig til að hægt sé að lesa hverja bók sem sjálfstæða sögu.

Mýrina má greina á hliðstæðan hátt og stungið var upp á í sambandi við Dauðarósir, þ.e. með hefðbundnum greiningarverkefnum og fjölmiðlanálgun. Verkefni hér á eftir eru því að sumu leyti endurtekning en að sjálfsögðu eru komnir nýir fletir, nýjar persónur og ný flétta.

Verkefni úr Mýrinni

1. Rannsóknarlögreglumaðurinn Erlendur Sveinsson.

Hver er staða hans innan Ríkislögreglustjóraembættisins? Hvernig fagmaður er hann? Er líklegt að hann muni hækka í tign? Hvað einkennir vinnubrögð hans? Er hann enn ferskur í starfi eða er farið að gæta kulnunar? Líkist hann einhverjum öðrum spæjurum glæpabókmenntanna og þá hverjum? Væri persónan Erlendur á einhvern hátt öðruvísi og þá hvernig ef um væri að ræða konu? Hvernig er samskiptum Erlendar við vinnufélagana háttað? Lýsið sérstaklega sambandi hans við Sigurð Óla, nánasta samstarfsmann sinn.

2. Erlendur í einkalífinu.

Hvað segir höfundur okkur um persónulega hagi Erlendar? Hafið þið samúð með honum (hvers vegna/ hvers vegna ekki)? Hvaða hug ber hann til barna sinna og hvernig er sambandi hans við þau háttað? En hvað með sambandið við fyrrverandi eiginkonu? Hvað segir það um Halldóru? Hvað gerir Erlendur í frístundum og hvernig skyldi honum líða? Hefur einkalífið einhver áhrif á störf hans? Væri hann e.t.v. ekki eins sannfærandi týpa ef hann væri hamingjusamur fjölskyldumaður og ynni á stöðinni frá kl. 9-17? Hvað kemur fram um skoðanir hans, siðferðiskennd, áhugamál og persónuleikann yfirhöfuð?

3. Erlendur.

Sameina má verkefni 1 og 2 í eitt stórt verkefni um Erlend, hvernig manneskja hann er í einkalífinu og starfinu, helstu persónueinkenni, hvað höfundur segir um hann, hvað samskipti hans við aðrar persónur segja um hann og hvernig honum gengur að halda starfinu og einkalífinu aðskildu. Þarna kæmu þá líka inn í samskipti hans við Sigurð Óla og Evu Lind.

4. Eva Lind.

Hver er staða Evu Lindar í sögunni? Hvernig er samskiptum hennar og Erlendar háttað? Hvaða viðhorf hefur hún haft til hans og hvernig hefur samband þeirra verið? Eru þau eins og feðgin eða jafnvel lögga og brotamanneskja? Vill Eva eignast barnið og hætta í dópinu? Hvað gerir Erlendur til að styðja hana og hvað vill hún eiginlega fá frá honum? Hvaða vonir gefur höfundur okkur í lok sögunnar?

5. Sigurður Óli.

Hver er staða Sigurðar Óla í rannsóknarlögreglunni við hlið meistarans? Lýsið hæfileikum hans og metnaði í starfi. Gefur höfundur nauðsynlegar upplýsingar um Sigurð Óla, of litlar eða jafnvel of miklar? Hvernig líkar ykkur við hann? Eru einhver dæmi þess að hann sé hrokafullur og telji sig yfir Erlend hafinn? Hvers vegna fer hann stundum í taugarnar á Erlendi? Hvernig vegnar honum í einkalífinu? Er Sigurður Óli líklegur arftaki Erlendar eða hvert skyldi hann stefna?

6. Þjóðfélagsmynd sögunnar.

Hvaða mál eru í brennidepli í því umhverfi sem sagan hrærist í? Gerið grein fyrir þeim vandamálum í samfélaginu sem höfundur kys að fjalla um og lýsið afstöðu hans til þeirra. Finnst ykkur söguheimurinn trúverðugur og þá hvers vegna? Bendið á almenn dæmi úr raunveruleikanum, fréttum og umræðu líðandi stundar.

7. Glæpurinn.

Kortleggið glæpafléttuna í sögunni. Hún er margslungin og snýst ekki bara um eitt morð í Norðurmýrinni. Raðið atburðum í rétta tímaröð og orsakasamhengi. Tilgreinið glæpamennina, þá glæpi sem þeir eru sekir um og hvaða afleiðingar þeir hafa. Hver er síðan lausn málsins?

8. Holberg.

Fórnarlamb eða glæpamaður? Þolandi eða gerandi? Rekið lífshlaup þessa ógæfumanns með hliðsjón af verkum hans og hegðun. Hefur hann eitthvað sér til málsbóta? Hlaut hann makleg málagjöld? Hvers vegna/ hvers vegna ekki? Hvernig tekst höfundi upp í þessari persónulýsingu? Er Holberg einhliða illmenni eða er eitthvað í hans fari sem kallar á samúð? Lýsið samskiptum hans við kunningja og samferðafólk og uppgjörinu við Einar í lokin.

9. Einar.

Kemur þáttur hans í sögunni ykkur á óvart? Rekið lífshlaup hans, sérstaklega ferlið sem fer í gang þegar hann missir dóttur sína og fer að kanna málið. Hvernig kemst hann að hinu sanna? Brýtur hann lög með því? Hvaða afleiðingar hefur þessi vitneskja? Er Einar glæpamaður eða fórnarlamb? Myrti hann föður sinn af ásetningi, í stundarbriálæði eða í sjálfsvörn? Hvaða meðferð hefði mál Einars fengið í dómsskerfinu? Hvað finnst ykkur um lausnina? Hefði sagan átt að enda öðruvísi og þá hvernig?

10. Lýsið eftirfarandi persónum stuttlega og gerið grein fyrir hlutverki þeirra í sögunni. Segið til um hversu trúverðugar persónurnar eru.

- a) Elín (systir Kolbrúnar)
- b) Kolbrún (þolandi nauðgunar, móðir Auðar)
- c) Marion Briem (lærimeistari Erlendar, óljóst kyn)
- d) Katrín (þolandi nauðgunar, móðir Einars)
- e) Karítas (framkvæmdastjóri Erfðagreininingarmiðstöðvarinnar)
- f) Elliði (fangi sem þekkti Holberg og Grétar)
- g) Grétar (hinn horfni félagi Holbergs)
- h) Klara (systir Grétars)
- i) Frank (læknir og alkóhólisti sem annaðist Auði)
- j) Rúnar (spillt lögga sem lítillækkaði Kolbrúnu)
- k) Dís Rós (dóttir finna hjóna úr Garðabæ, hvarf úr brúðkaupi sínu)
- l) Hanna (deildarforseti Læknadeildar Háskóla Íslands)
- m) Ragnar (yfirmaður tæknideildar hjá lögreglunni)
- n) Hrólfur (yfirmaður Erlendar)
- o) Elínborg (samstarfskona Erlendar og Sigurðar Óla)
- p) Sindri Snær (sonur Erlendar)

11. Undirheimarnir.

Lýsið undirheimum Reykjavíkur sérstaklega eins og þeir birtast í sögunni. Hvernig er lífi dópista og smáglæpamanna háttað? Hverjir lenda í þessum undirheimum? Er þetta sjálfskaparvíti eða eru einhver önnur öfl sem ýta fólki niður í skítinn? Hvaða von á þetta fólk um betra líf? Er þetta skáldskapur að ykkar mati eða raunsönn lýsing á lífi undirmálsfólks í höfuðborginni?

12. Kynferðislegt ofbeldi.

Sagan hverfist mjög um kynferðislegt ofbeldi bæði nú á dögum og áður fyrr. Skoðið hvernig Arnaldur tekur á þessu viðkvæma máli og hvar ádeilubroddar hans liggja. Í þessu sambandi þarf m.a. að fjalla um Holberg, Kolbrúnu, Katrínu (og fjölskyldur þeirra), Rúnar og lögregluna/dómskerfið, Dísu Rós og hvarf hennar úr brúðkaupsveislunni. Tilgreinið hversu víðtækar afleiðingar kynferðislegt ofbeldi hefur í sögunni og reynið að benda á það sem betur hefði mátt fara, t.d. í nauðgunarmáli Kolbrúnar. Útskýrið líka hvernig Katrín bregst við nauðguninni og hvers vegna.

13. Erfðarannsóknir.

Kortlagning erfðaefnis í Íslendingum er mikið deilumál í þjóðfélaginu. Skoðið þær hliðar málsins, jákvæðar og neikvæðar, sem birtast í Mýrinni. Þar má sjá hvernig sjúkdómar liggja í ættum en líka hvernig hægt er að misnota gagnagrunninn og líka hvaða leyndarmál slík kortlagning getur afhjúpað því vissulega er talið að æði margir Íslendingar séu rangfeðraðir. Og hvað finnst ykkur um líffærabanka og þá mynd sem dregin er upp af þeim rannsóknum? Ræðið þessi mál út frá sögunni og samfélaginu í dag.

14. Arnaldur og Erlendur.

Ræðið sjónarhorn höfundar, stíl og málfar. Er hann alvitur? Gefur hann of miklar upplýsingar? Er Erlendur málpípa hans? Er stillinn persónulegur eða klisjukenndur? Hvernig tekst honum að aðgreina persónur og kynslóðir með mismunandi málfari? Er húmor í sögunni og hvernig birtist hann?

15. „Mér datt í hug að það væri gott að láta hana heita Auði.L

Leggið út af þessum orðum. Hver segir þetta við hvern? Hvað segir þetta um samband persónanna í ljósi þess sem á undan hefur gengið og hvaða forspá er fólgin í þessum orðum?

16. Fjölmíðlaefni og fleiri nálgunarleiðir.

Notið hugmyndir úr verkefnum 19-25 úr Dauðarósum og nálgist efni Mýrarinnar frá sjónarhóli fjölmiðla og hins almenna borgara.

13. Lokaorð

Íslenskar glæpasögur eru í stöðugri sókn. Arnaldur Indriðason er vinsælasti rithöfundur landsins um þessar mundir. Sögur hans fjalla ekki aðeins um glæp og rannsókn hans heldur endurspeglar þær íslenskt samfélag og taka á brennandi málum í þjóðfélagsumræðunni. Iðulega má finna í þeim afstöðu og þótt ólíklegt sé að Arnaldur líti á sig sem lækni samfélagsins, eins og gömlu raunsæishöfundarnir, þá eru bækur hans vel til þess fallnar að kveikja umræðu um viðkvæm vandamál sem kalla á

lausnir. Bækur hans eru þannig ekki aðeins lesnar sem spennusögur og stundarafþreying heldur er rætt um efni þeirra og þá afstöðu sem þar birtist og þannig hefur hver bók hans margfeldisáhrif og víðtækari skírskotun.

Fram hjá þessu verður vart litið í íslensku skólakerfi. Kennarar kvarta yfir litlum bókmenntaáhuga nemenda en gleyma e.t.v. að horfast í augu við gerbreytta þjóðfélagsmynd og þá staðreynd að bóklestur er ekki helsta tómstundagaman æsku Íslands og þá síst af öllu lestur flókinna fagurbókmennta. Þess vegna hefur oft gengið illa að virkja nemendur til umræðu og ritgerðasmíða um bækur á hefðbundnum námsefnislistum eða sérvöldum kjörbókalistum. Þar hefur orka nemenda jafnvel frekar beinst að því að hafa uppi á ritgerðum sem aðrir kunna að hafa skrifað um sömu bók.

Hér geta afþreyingarbókmenntir komið til bjargar og aukin áhersla á yndislestur. Bókmenntalestur á ekki að vera kvöð, þung byrði og tímaþjófur. Að sjálfsgöðu er ég ekki að dæma fagurbókmenntir úr leik, aðeins að leggja áherslu á meiri fjölbreytni, aukið val og efni sem hæfir hverjum og einum. Bækur Arnaldar eru hér áhugaverður valkostur. Þær eru lesnar upp til agna og nemendur sem alla jafna eru vikum eða mánuðum saman að berjast í gegnum skáldsögu taka ekki mörg kvöld í spennusögu af þessu tagi. Þar með skapast fljótt grundvöllur fyrir lifandi umræður þar sem allir eru með á nótunum og eins og hér hefur vonandi verið sýnt fram á henta bækur Arnaldar vel til bókmenntagreiningar og hvers kyns þroskandi verkefna og umfjöllunar í ræðu og riti.

Er tilganginum þá ekki náð?

Skrifað á Akureyri í ágúst-nóvember 2002.

Stefán Þór Sæmundsson,
íslenskukennari við Menntaskólann á Akureyri.
Netfang: stor@ma.is
Veffang: <http://www.ma.is/kenn/stefan>